

Listaháskóli Íslands
Listkennsludeild
Meistaránám í listkennslu

Eflandi áhrif listskoðunar

Minningasmiðja og heimsóknir á listasöfn

Ásdís Arnardóttir
Leiðbeinendur: Sigrún Jóhannesdóttir
Rakel Pétursdóttir
Vorönn 2011

Formáli

Ritgerð þessi er til fullnaðar á meistaraþáttu – Master of Art Education in Visual Art – við Listaháskóla Íslands. Verkefnið er 20 einingar.

Leiðbeinendur við verkefnið voru tveir, Sigrún Jóhannesdóttir sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og stundakennari við Listaháskóla Íslands og Rakel Pétursdóttir deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands. Þakka ég þeim fyrir gagnlega leiðsögn og veittan stuðning.

Þátttakendum í námskeiðinu sem var hluti þessa verkefnis þakka ég samfylgdina, án þeirra hefði ekki verið neitt verkefni. Starfsfólki og stjórnendum Hlutverkaseturs í Borgartúni þakka ég veitta hjálp og fyrir afnot af aðstöðu setursins. Sérstakar þakkir fær Anna Henriksdóttir fyrir að bregðast skjótt og vel við og aðstoða við val á þátttakendum.

Finni Torfa Hjörleifssyni og Magnúsi Lyngdal Magnússyni þakka ég yfirlestur og þarfar ábendingar um málnotkun.

Ágrip

Í þessari ritgerð velti ég fyrir mér spurningunni um hvort listskoðun með hópi kvenna ásamt því að vinna í smiðju með persónulegar ljósmyndir og minningar geti haft eflandi áhrif á einstaklinginn. Til að svara henni vann ég eigindlega athugun, þar sem ég skipulagði námskeið sem samanstóð annarsvegar af ljósmynda- minninga smiðju og hinsvegar skoðun á ljósmynda- og myndlistarsýningum í fimm söfnum. Þátttakendur í námskeiðinu voru 12 konur sem allar voru eða höfðu nýlega verið án atvinnu. Gagnaöflun fór fram með dagbókarskrifum, eigindlegu rýnivíðtali við þátttakendur og eigin hugkorti sem þær unnu í byrjun og enda námskeiðsins. Markmiðið með verkefninu er að leggja áherslu á fræðslugildi listskoðunar á söfnum, að sýna fram á að listrýni geti haft eflandi áhrif og leggja þannig áherslu á að það að fræða listnjótendur sé ekki síður mikilvægt en að kenna listsköpun.

Í niðurstöðum koma fram merki um jákvæð áhrif á þátttakendur í námskeiðinu. Margar töluðu til dæmis um hvetjandi áhrif þess að starfa í hóp og þá sérstaklega hvernig þær hefðu í gegnum hópvinnuna fengið aukið öryggi og sjálfstraust meðal annars til að tjá sig. En þó margt bendi til þess að listskoðun hafi haft eflandi áhrif á þátttakendur í hópnum verður spurningunni ekki endanlega svarað með þessu eina verkefni, til þess þarf ítarlegri athugun. Sérstaklega þarf að kanna betur hver áhrifin eru til lengri tíma lítið. Einnig má taka fram að þó eflandi áhrif námskeiðsins á þátttakendur séu ekki að öllu leyti ljós á þessu stigi þá má segja að vissulega sé hægt að greina að þátttakan hafi haft breytandi áhrif á þær. Til dæmis voru allar sammála um að það að skoða samtímalist væri eitthvað sem þær fyrirfram myndu ekki hafa valið sér. Þær töluðu þannig um að verkin og fræðslan um þau hefðu opnað augu sín fyrir einhverju nýju, meðal annars breytt viðhorfi þeirra til samtímalistar.

Abstract

In my theses I look at how art can have empowering impact on a group of recently unemployed women. My approach is the memory method and museum visits. The participants are all between 44 – 68 years old. The project started with a two-day workshop followed by visits to museum exhibits.

My thesis also has a theoretical part, including a rationale for the workshop described above. I describe the methods used in the project, some questions that are linked to postmodern or late-modern art museum education and known researches and methods that have been used in adult education. I collect data by writing journals like action researchers do. I answer my question by analyzing both the data and mind maps I had the participants do and some qualitative group interview.

The outcome of the project shows that it did indeed have a positive and some empowering impact on the participants. Many of them talked for example about how working in a group with other women in similar position gave them the courage to speak their mind. Still, further research is needed to conclude whether the empowering impact has a long lasting effect.

Efnisyfirlit

Formáli	1
Ágrip	2
Abstract	3
Efnisyfirlit	4
1. Inngangur	6
2. Minningasmiðja	9
2.1 Unnið með minningar	10
2.1.1 Minninga- smiðju aðferð	11
2.1.2 Ljósmynda- minninga aðferð	12
2.2 Eigin hugkort	13
3. Fyrsta safn	15
3.1 Skipulag námskeiðsins	17
3.1.1 Hópurinn og Hlutverkasetur	17
3.1.2 Smiðjan	18
3.1.3 Sýningarnar	18
4. Annað safn	20
4.1 John Dewey og reynslumiðað nám	21
4.2 Félagsleg hugsmíðahyggja	22
5. Þriðja safn	24
5.1 Knowles og fullorðinsfræðsla	25
6. Fjórða safn	27
6.1 Listfræðsla á póstmódernískum tímum	28
7. Fimmta safn	31
7.1 Upplifun, fagurfræði og innihald	32

8. Niðurstöður	35
9. Umræða	38
Lokaorð	41
Heimildaskrá	42
Viðauki	46

1. Inngangur

Að loknu myndlistarnámi vann ég í nokkur ár á listasafni. Eftir að ég hætti sem fastur starfsmaður þar hef ég öðru hverju tekið að mér leiðsögn um sýningar í íhlaupum. Sú reynsla hefur kennt mér að það að upplifa listaverk, ræða tilurð þeirra og hugmyndir listamanna, bjóði upp á fjölbreytta nálgun fyrir skoðendur að tengja sjálfa sig bæði við söguna og samtímamann. Fyrir fáum árum heyrði ég sögu sem vakti mig til frekari umhugsunar um áhrif listskoðunar á söfnum. Hún er af hópi ungra atvinnulausra kvenna sem skyldaðar voru á námskeið. Leiðbeinandi þeirra kenndi þeim handverk en ákvað að brjóta upp kennsluna með því að heimsækja listasöfn sem hluta af námskeiðinu. Fyrirfram höfðu þær mjög litla reynslu af listasöfnum, höfðu fæstar stigið fæti sínum þar inn. Leiðbeinandinn fullyrðir að heimsóknirnar hafi haft djúp áhrif á þær, og mun dýpri en bara að glæða áhuga á myndlist. Þessi litla saga hefur greypt sig í huga minn og varð að lokum til þess að kveikja áhuga minn á að skoða nánar hvaða áhrif listskoðun getur haft á fólk.

Í lokaverkefni mínu skoða ég hvort listskoðun með hópi kvenna ásamt því að vinna í smíðju með persónulegar ljósmyndir og minningar geti haft eflandi áhrif á einstaklinginn. Til að svara þessari spurningu vann ég eigindlega athugun þar sem ég skipulagði námskeið. Námskeiðið samanstóð annarsvegar af ljósmynda-minningasmiðju, sem lýst er í þriðja kafla, og hinsvegar skoðun á ljósmynda- og myndlistarsýningum í fimm listasöfnum í Reykjavík. Hópurinn sem tók þátt í námskeiðinu voru 12 konur á aldrinum 44-68 ára sem flestar höfðu litla eða fremur litla reynslu af skoðun listsýninga utan tvær sem skoða listasöfn nokkuð reglulega. Konurnar hafa allar misst vinnuna í efnahagskreppu eða hafa til skamms tíma verið atvinnulausar. Þær hafa allar verið þátttakendur í Hlutverkasetri sem er miðstöð rekin í þeim tilgangi að halda fólk virku sem misst hefur hlutverk í lífinu. Ég naut liðssinnis starfsmanna Hlutverkaseturs við að velja þátttakendur á námskeiðið og fékk að nýta aðstöðu þeirra fyrir viðtal við hópinn og smíðjuna sem var hluti af námskeiðinu.

Markmiðið með verkefninu er að ítreka fræðslugildi listskoðunar á söfnum, að sýna fram á að listrýni geti haft eflandi áhrif og leggja þannig áherslu á að það að fræða listnjótendur sé ekki síður mikilvægt en að kenna listsköpun. Á vegum

Evrópusambandsins hafa verið gefin út átta lykil- færniviðmið til mótunar þekkingar. Eitt af þessum viðmiðum fjallar um mikilvægi menningarlausis: „ . . . menningarlega vitund og tjáningu, sem felur í sér skilning á því hversu mikilvæg skapandi tjáning á hugmyndum, reynslu og tilfinningum er í gegnum fjölbreytta miðla (tónlist, sviðslistir, bókmenntir og sjónlistir).“¹ Verkefnið fellur vel að þessu færniviðmiði en Íslendingar taka í mörgu mið af því sem gerist í löndum Evrópusambandsins. Frá haustinu 2008 hefur verið mjög sérstakt ástand í íslensku samfélagi. Eftir bankahrunið hafa margir misst vinnu og eins og komið hefur fram í fréttum eru konur þar í meirihluta. Því er þörf á endurmenntun og námskeiðum sem styrkja starfsfærni fólks, ekki síst kvenna. Námskeið eins og það sem hér er sagt frá tel ég vera kjörið sem framlag til þeirrar umræðu.

Við gagnaöflun til verkefnisins studdist ég við eigin dagbók, eigin hugkort þátttakenda í námskeiðinu og rýniviðtal sem tekið var við hópinn í lok námskeiðsins. Dagbókarskrifin hjálpuðu mér við að halda utan um framgang námskeiðsins og átta mig á hvað gerðist frá degi til dags. Eigin hugkort sem þátttakendur skrifuðu bæði í byrjun námskeiðs og eftir að því lauk voru notuð til að fá gögn um hvort viðhorf, þekking eða tilfinning fyrir ákveðnu hugtaki, í þessu tilviki *Listasafn*, tæki breytingum við þátttökuna í námskeiðinu. Í rýniviðtali voru þátttakendur spurðir um upplifun sína og reynslu af smiðjunni og skoðun myndlistarsýninganna í framhaldi af því.

Ritgerðin sem hér kemur á eftir er þannig byggð upp að í byrjun hvers kafla er framgangur námskeiðsins rakinn, fyrst smiðjunnar og síðan heimsóknar á hvert safn. Við hvern kafla er einnig fléttuð lýsingum á aðferðum og kenningum og vitnað er í rannsóknir annarra, bókmenntatexta og fræðileg skrif. Þannig rek ég í öðrum kafla framgang vinnunnar í smiðjunni. Einnig eru þar lýsingar á aðferðum minninga- smiðju og eigin hugkorti (e. Personal meaning mapping) sem er aðferð sem þróuð hefur verið til að fá fram eiginleg gögn um reynslu gesta á listasöfnum.

Í þriðja kafla segir frá fyrstu heimsókn okkar í Þjóðminjasafn Íslands þar sem við skoðuðum sýninguna *Bárður Sigurðsson ljósmyndari Mývetninga* en þar að auki

¹ „ . . . cultural awareness and expression, which involves appreciation of the importance of the creative expression of ideas, experiences and emotions in a range of media (music, performing arts, literature and the visual arts).“ Europa 2011

sýninguna *Stoppað í fat* og nokkra muni í fastasýningu safnsins. Í þeim kafla er einnig sagt frá skipulagi og framkvæmd námskeiðsins, hópnum sem ég vann með, skipulagi smiðjunnar og fyrirkomulagi heimsóknna á sýningarnar.

Fjórði kafla lýsir heimsókn í Ljósmyndasafn Reykjavíkur þar sem skoðaðar voru þrjár sýningar auk þess sem hópurinn hlýddi á stuttan fyrirlestur með sýnidæmum um sögu ljósmyndunar á Íslandi. Í kaflanum er einnig umfjöllun um John Dewey og félagslega hugsmíðahyggju. Dewey sem er einn mikilvægasti kennimaður okkar tíma í menntunarfræðum talaði meðal annars um að eitt mikilvægasta viðhorf sem myndaðist hjá nemendum væri löngunin til að læra meira.

Í fimmta kafla er sagt frá heimsókn á Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús þar sem skoðaðar voru klippimyndir Errós ásamt þrívíddarklippa hans. Þar segir einnig frá Malcolm Knowles og hugmyndum hans um fræðslu fullorðinna. Meðal annars að fullorðnir nemendur hafi sérstakar þarfir hvað varðar fræðslu, einnig um hlutverk kennarans til að liðka fyrir námi fullorðinna og hvernig námsaðstæður í fullorðinsfræðslu eru oft breytilegar og óhefðbundnar.

Heimsókn hópsins á Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn er lýst í sjötta kafla. Þar er einnig vísað í umræðuna um póstmóderníska eða síð- móderníska tíma sem talað er um að við lifum á. Í því sambandi er einnig rætt um hvað einkennir svokallaða póstmóderníska safnfræðslu og spurningar sem hægt er að spyrja í því samhengi.

Í sjöunda kafla segir frá heimsókn á Listasafn Íslands þar sem skoðuð voru verk á sýningunni *Hljóðheimar* og innsetning Magnúsar Pálssonar *Viðtöl um dauðann*. Einnig er fjallað um upplifun og fagurfræði. Spurt er hvort eitthvað sé til í staðhæfingum félagsfræðinga um að á okkar póstmódernísku tímum séum við ekki lengur fær um að verða fyrir upplifun, ekkert komi okkur á óvart lengur.

Niðurstöður sem fengust eftir rýnivíðtal við þátttakendur, auk gagna úr dagbók og eigin hugkortum þátttakenda, eru raktar í áttunda kafla. Þar eru einnig þeir þættir sem koma heim og saman við rannsóknarspurninguna raktir. Í níunda kafla er umræða um ýmislegt annað sem kom í ljós við prófunina á námskeiðinu. Einnig velti ég upp spurningum um mögulegar útfærslur á þessu formi á námskeiði og hvort þetta verkefni gefi tilefni til frekari rannsókna á efninu.

2. Minningasmiðja

„Persónuleg ljósmynd felur í sér flókna tilfinningalega og menningarlega merkingu, hún er gripur sem töfrar fram minningu, þrá og umhugsun. Ljósmynd með tilfinningalegt gildi er töfragripur sem oft er álitíð að innihaldi fortíð sem mögulegt er að endurupplifa.“²

Hér segir frá fyrstu tveim dögum námskeiðsins þar sem unnið var með hópnum í smiðju í Hlutverkasetri í Borgartúni. Einnig er sagt frá aðferðum sem beitt var í námskeiðinu: Minninga- smiðju aðferð og ljósmynda- minninga aðferð sem þróuð var út frá henni en þar rýna þátttakendur í eigin ljósmyndir, skrifa um minningar og tjá sig um þær bæði sem einstaklingar og í hópvinnu. Einnig er sagt frá aðferð til gagnaöflunar sem felst í að þátttakendur skrifa eigin hugkort tengd ákveðnu fyrirfram gefnu efni.

Í aðdragandanum að námskeiðinu hefur það mótast og breyst. Þegar á hólminn er komið eru það ýmsir praktískir þættir sem koma upp í hugann: Munu allir þátttakendur sem skráðu sig mæta? Hvernig bregðast þær við því sem ég ber á borð? Er þetta nógu vel unnið? Gleymi ég einhverju?

Þær koma allar og ég finn strax að það er hugur í hópnum og eftirvænting hjá þeim engu síður en hjá mér. Á síðustu stundu bætast þrjár konur við, sem er gott vegna þess að hópurinn er á mörkum þess að vera of fámennur, en verra að því leyti að þær nýju koma ekki undirbúnar eins og hinar. Ég reyni þó að gera mitt besta til að koma þeim inn í málið án þess að það komi niður á annarri vinnu.

Þær síðkomnu missa af kynningu þar sem útskýrt er hvað og hvers vegna við erum að vinna með ljósmyndir og minningar og hvernig það tengist því að skoða myndlist. Lagt var upp með að allar kæmu með eigin ljósmynd frá frá 9. áratuginum sem tengd er þemanu *Ferðalag*. Þetta er leyst með því að þær sem eru ekki með mynd vinna bara með minninguna af ferðalagi. Allar vinna verkefnið og það eru fjörugar umræður, alveg framar mínum vonum. Þó hefði mátt gefa sér aðeins lengri tíma í sumt, til dæmis hefði mátt gefa meiri tíma í hópvinnu þar sem skipt var í smærri hópa og þeir áttu að kynna

² „The personal photograph is an object of complex emotional and cultural meaning, an artifact used to conjure memory, nostalgia, and contemplation. The photograph of personal value is a talisman, in which the past is often perceived to reside so that it can be reexperienced.“ Sturken 1999:178

niðurstöður hver fyrir öðrum. En ég sé líka strax hvað þessi aðferð hentar vel í svona vinnu. Hún gerir það að verkum að ákveðin samhygð myndast en einnig skapast áhugaverðar umræður, bæði um myndirnar og hið samfélagslega og sammannlega. Í lýsingu á aðferðinni í kafla 2.1.1 kemur einmitt fram að það geti verið heppilegt að nota hana þar sem fólk er að reyna eitthvað nýtt til dæmis í félagsstarfi.

Eitt af því sem ég hef sjálf lært sem nemandi í fullorðinsfræðslu er hve mikilvægt er að allar upplýsingar séu skýrar. Sú aðferð að kynna allt á skýran hátt en ekki síður að rifja upp í lok dags og endurtaka svo upprifjun í byrjun hvers tíma er eitthvað sem mér sjálfri hefur reynst vel. Í kenningum um fullorðinsfræðslu kemur enda fram að endurtekningin sé mikilvæg, ekki bara til að festa þekkingu í langtímaminni heldur einnig sem leið til að skapa öryggi með þeim sem lærir.³

Seinni dag smiðjunnar fæ ég staðfestingu á hve miklu máli þetta skiptir því að enn er tilgangur og verkefni smiðjunnar á reiki fyrir þær sem komu óundirbúnar fyrri daginn. Þar að auki fór ein kvennana heim fyrir lok fyrri dagsins og missti þar með af kynningu á efni næsta tíma. Önnur tók ekki nógu vel eftir í upprifjun og kynningu og það verður að skrifast á að kennarinn hafi ekki fylgt kynningunni nógu vel eftir. Verkefni dagsins er að koma með nýja mynd sem á að tengjast niðurstöðum umræðna úr fyrri tímanum. Þær sem eru ekki með mynd fá þó tækifæri til að finna hana í blöðum eða tímaritum á staðnum. Í seinni helmingi tímans eru þátttakendur beðnir um að skrifa hugkort þar sem hugtakið *Listasafn* er miðpunkturinn. Sem fyrr gengur vel að skrifa en ég velti því fyrir mér hvort það hafi komist nógu vel til skila að þær skrifi um eigin reynslu og hugmyndir en ekki bara um hvað manni á að finnast. Það er munur á.

2.1 Unnið með minningar

Í byrjun árs 2011 héldu finnsku gestakennararnir Outi Ylitapio-Mäntylä og Mari Mäkiranta smiðju með nemendum Listkennsludeildar Listaháskóla Íslands. Þar kynntu þær aðferð sem þær kalla ljósmynda- minninga smiðju (e. Photo-related memory work).⁴ Smiðju Ylitapio-Mäntylä og Mäkiranta lauk með sýningu á ljósmyndum og stuttum textum í Kubbum í Listaháskólanum í Laugarnesi. Í texta um sýninguna og

³ Knowles og fleiri 1998:191

⁴ Ylitapio-Mäntylä og Mäkiranta 2010:120

verkefnið á heimasíðu Háskólans í Lapplandi segja þær að með sýningunni sé ljósi varpað á ferli sem felst í félagslegum samskiptum og hvernig við tökum þátt í félagslegri og menningarlegri starfsemi. Sömuleiðis að ljósmyndirnar vekji upp spurningar um fjölbreyttar raddir, sjálfsmyndir, valdatengsl og siðferðileg álitaefni.⁵

2.1.1 Minninga- smiðju aðferð

Ljósmynda-minninga smiðja á rætur sínar að rekja til aðferðar sem kom fram á 9. áratuginum og þróuð var af Friggu Haug og fleirum. Aðferð sína kallaði Haug memory-work method en markmiðið með henni var að brúa bil milli kenninga og reynslu í rannsóknum í femínískum og kynjafræðum.⁶ Aðferðin hefur síðan verið þróuð og notuð á fleiri sviðum svo sem í félagsfræði, sálfræði, hjúkrunarfræði, ferðamálafræði, stjórnun, markaðsrannsóknum og kennslu. Tilgangur aðferðarinnar er meðal annars að safna saman og halda utan um reynslu og upplifun einstaklinga. Þannig taldi Haug að sögur af reynslu einstaklinga og upplifun þeirra væru jafn mikilvæg gögn og hver önnur rannsóknargögn sem fengin væru með viðteknum vísindalegum aðferðum. Þetta setur hún í samband við hugleiðingar um að með nútímalegri þróun vísindalegra aðferða höfum við aðskilið vísindalega þekkingu og hversdagslega reynslu eða upplifun.⁷ Einnig talar Haug um að með því að byggja á okkar eigin þekkingu eða reynslu séum við að storka hinni akademísku kanónu eða yfirvaldi. Þó ekki séu nema góðir tveir áratugir síðan Haug kynnti þessa aðferð þá hefur margt breyst til dæmis hvað varðar aukið vægi eigindlegra rannsókna meðal fræðimanna.

Sú gagnrýni hefur komið fram á aðferð Haug að þekkt sé að minningar séu ekki mjög áreiðanlegar og erfitt geti verið að treysta á minni fólks. June Crawford er ein af þeim sem þróað hefur aðferð Haug og hefur svarað þessari gagnrýni: „Minningarnar eru sannar minningar, það er þær eru minningar ekki uppfinningar eða ímyndanir. Það skiptir ekki máli hvort minningarnar varpa ljósi á liðna atburði á nákvæmlega réttan hátt eða ekki. Það sem skiptir máli er hvernig merking atburðanna er byggð upp.“⁸

⁵ University of Lapland 2011

⁶ Onyx og Small 2001:773

⁷ Haug 1999a:34

⁸ „The memories are true memories, that is, they are memories and not inventions or fantasies. Whether the memories accurately represent past events or not, however, is irrelevant; the process of construction of the meanings

Einnig hefur verið gagnrýnt að aðferðin geti vakið upp óöryggi hjá þátttakendum með eigið sjálf. Haug talar um að á móti komi að án óvissu sé engin þróun og það að þrá líf án óvissu sé í raun barnalegt.

Talað er um að ef til vill sé aðferðin ekki hentug fyrir blandaða hópa karla og kvenna þar sem hún sé í eðli sínu feminísk. Minningar einstaklinga geta verið viðkvæmt og eldfimt efni og val á þema eða umfjöllunarefni þarf að vera vel ígrundað sem og hversu djúpt skal fara í það enda tekur Haug fram að minninga- smiðjan sé ekki hugsuð sem meðferð fyrir veikt fólk. Hvað sem því líður talar hún um að aðferðin sé nothæf í mörgum aðstæðum til dæmis í fullorðinsfræðslu sem á sér stað utan háskólasamfélagsins sem og fyrir hópa sem eru að reyna eitthvað nýtt svo sem í félagsstarfi.⁹ Að lokum telur Haug nauðsynlegt að leiðbeinandi eða stjórnandi þekki vel til kenninga minninga- smiðju aðferðarinnar og tekur jafnframt fram að þær séu ekkert einkamál fræðimanna eða háskólasamfélagsins.

2.1.2 Ljósmynda- minninga aðferð

Eins og fyrr segir beita Ylitapio-Mäntylä og Mäkiranta aðferð Haug en bæta við hana notkun persónulegrar ljósmyndar. Í aðferðinni eins og þær beita henni felst að þátttakendur hafa hver um sig með sér ljósmynd sem tengd er sérstöku fyrirframgefnu efni eða þema. Gera má ráð fyrir að vinnan í smiðjunni taki 2-3 daga. Áður en byrjað er útskýrir leiðbeinandi ferlið, til hvers er ætlast og hugmyndafræðina á bak við aðferðina. Æskilegt er að leiðbeinandi sé virkur þátttakandi í öllu ferlinu þar sem það er lýðræðislegt og brýtur niður valdaröð. Hver einstaklingur skrifar texta 1-2 bls. og er æskilegt að skrifa í þriðju persónu en þó er ekki algerlega forboðið að skrifa í fyrstu persónu óski einhver þess. Textinn getur verið lýsing eða hvaðeina sem kemur upp í hugann við að skoða myndina, leiðbeinandi hvetur þátttakendur til að veita smáatriðum athygli. Hópnum er skipt í smærri hópa, 4-5 í hverjum og þátttakendur í hvorum hóp ræða sín á milli til dæmis hvað eiga þeir sameiginlegt í gegnum sögurnar og hvað skilur þá að. Best er að allir lesi upp hvað þeir skrifuðu. Hér er mögulegt að hafa umræðu í stærri hóp um textann. Þátttakendum er gefið færi á að endurskoða texta sinn og draga út úr honum styttri útgáfu, til dæmis 1-2 málsgreinar, prósa eða ljóð.

of those events is the focus on memory-work.“ Crawford 1992:51

⁹ Haug 1999b

Í lokin kynna hóparnir niðurstöður sínar hverjir fyrir öðrum og líklegt er að þar komi fram enn nýir fletir bæði sem skera sig úr sem einstök reynsla eða eitthvað sem hægt er að skoða sem sameiginlega reynslu hópana. Í framhaldi eru þátttakendur beðnir um að koma með nýja mynd sem má vera fundin, úr dagblöðum, tímaritum eða jafnvel af netinu og skal tengjast efni fyrri ljósmyndarinnar eða umræðunum í hópvinnunni. Hver um sig fær tíma til að kynna sína mynd og segja frá á hvern hátt hún tengist fyrri vinnu. Enn er líklegt að upp komi nýir fletir bæði sem einstakir eða sem sameiginlegir hjá hópnum.

2.2 Eigin hugkort

Eigin hugkort (e. Personal meaning mapping) þróaði John H. Falk ásamt fleirum sem leið til að mæla hver áhrif sérstakrar námsreynslu á listasöfnum eru á einstaklinga og á þá einstaklingsbundnu merkingu sem hver og einn leggur í námsferlið.¹⁰ Með þessari aðferð er ekki bara hægt að sjá fyrir hvaða áhrifum gestir safna verða heldur einnig hve rík þau eru. Slík kortlagning merkingar getur þannig gefið til kynna áhrif af fræðslu og því betri gæði fræðslu því meiri áhrif.¹¹ Í grunninn er hún hugsuð til að kanna áhrif á einstaklinga sem sækja söfn. Það er þó vel hægt að hugsa sér að nýta megi þessa aðferð í hópvinnu það er að segja að ræða við hóp þar sem hver og einn vinnur sitt kort í stað þess að hafa opin einstaklingsviðtöl. Í skrifum um aðferðina hvetja Adams, Falk og Dierking raunar til þess að aðferðin sé útfærð og reynd á nýjan hátt enda sé ekkert sem geti bannað að hún sé þróuð áfram.¹²

Aðferðin felst í því að einstaklingar eru beðnir um að skrifa á blað eins margar hugmyndir, orð, myndir, setningar eða hugsanir sem eru tengdar ákveðnu hugtaki, hugmynd, setningu eða jafnvel mynd. Þetta er gert á undan heimsókn á sýningu eða á undan þátttöku í dagskrá tengdri sýningu. Hugtakið sem skrifa á um er skrifað á mitt blaðið eins og við gerð venjulegra hugkorta. Orðin eða það sem skrifað er á blaðið mynda grundvöll fyrir opið viðtal. Gæta þarf að því að viðkomandi fái nægan tíma til að hugsa um og skrifa niður hugmyndir sínar. Því næst eru viðkomandi hvattir til að útskýra hvers vegna þeir skrifuðu það sem fyrst var sett á blaðið en þetta hvetur til

¹⁰ Falk og fleiri 2006:333

¹¹ Adams og fleiri 2003:22

¹² Adams og fleiri 2003:30

nánari skilnings og umhugsunar. Þessar viðbótar upplýsingar skráir viðmælandinn með öðrum lit til að aðgreina frá því sem fyrst var skrifað.

Eftir að sýningin hefur verið skoðuð fá þátttakendur að koma aftur að eigin korti þar sem þeir endurskoða fyrri skráðar hugmyndir og fá tækifæri til að bæta við með þriðja litnum og mega eyða, breyta eða bæta við. Að því loknu er enn tækifæri til að ræða við stjórnandann sem leitar eftir hvort einhverjar breytingar hafi átt sér stað frá upprunalegum hugmyndum, enn er ritað á kortið og nú með fjórða litnum. Falk segir að í vissum tilvikum sé mögulegt að framkvæma þessa síðustu yfirferð að ákveðnum tíma liðnum, viku, mánuði eða lengri tíma. Þetta er gert þar sem talið er að þekkingaröflun komi ekki endilega fram samstundis eða samdægurs.¹³

Eins og fyrr sagði leggja Falk og félagar engar línur um hvenær nota beri þessa aðferð og hvetja raunar til að hún sé reynd í sem fjölbreyttustum aðstæðum. Helsti galli aðferðarinnar er að eigi að fara nákvæmlega eftir framansögðum leiðbeiningum er það bæði mannafls- og tímafrekt. Hinsvegar hvetja þau til að rannsakendur reyni hana í mismunandi aðstæðum. Því ætti að vera áhugavert að reyna hana í verkefni eins og þessu þar sem tilefni er til að ætla að hún nýtist til að afla gagna um bæði fyrri reynslu og hugmyndir þátttakenda.

¹³ Adams og fleiri 2003:23

3. Fyrsta safn

„Ég man Valdimar Örnólfsson og Snæbjörgu Snæbjarnar sem Harald og Ástu og hvernig Árni Tryggvason gat hoppað á rassinum sem Ketill skrækur í Skugga-Sveini í Þjóðleikhúsinu.“¹⁴

Hér segir frá heimsókn í Þjóðminjasafn Íslands þar sem fáeinir munir á fastasýningu safnsins voru skoðaðir ásamt sýningunum *Stoppað í fat* og *Bárður Sigurðsson - Ljósmyndir Mývetninga*. Jafnframt segir hér frá skipulagi og framkvæmd námskeiðsins, hópnum sem ég vann með, smiðjunni þar sem unnið var með eigin ljósmyndir og minningar og sýningunum sem við heimsóttum í fimm söfnum í Reykjavík.

Hópurinn kemur saman í anddyri Þjóðminjasafns Íslands. Sumar hafa komið í safnið áður aðrar ekki og hjá sumum er langur tími liðinn síðan safnið var heimsótt síðast. Hópurinn heldur beint upp á þriðju hæð því næstum klukkustund er þar til við fáum leiðsögn frá safninu um ljósmyndasýninguna. Fyrst lítum við á leiktjöld Sigurðar Guðmundssonar málara sem hann vann fyrir sýningu á leikritinu *Skugga-Sveini*. Þau minna á þekkt landslag, til dæmis frá Þingvöllum og við ræðum það stuttlega. Mig rámar einnig í að hafa séð gamlar ljósmyndir af leikurum með þessi leiktjöld í bakgrunni en engin önnur úr hópnum man eftir þeim. Á nokkrum ljósmyndum Bárðar sem við ætlum að skoða á eftir eru sérstök tjöld sem Freymóður Jóhannsson málaði fyrir hann sem bakgrunn fyrir ljósmyndir og það er áhugavert að skoða þessi fyrstu landslagsverk í íslenski myndlist til samanburðar.

Rétt við leiktjöldin er baðstofa sem hægt er að kíkja inn í. Við gægjumst inn og veltum fyrir okkur þrengslunum sem fólk bjó við. Við lítum einnig á málverk August Schiøth af fólki í íslenski baðsofu frá 1861. Það er ýmislegt rætt um þessa mynd, til dæmis að hægt er að bera hana saman við ljósmynd Bárðar af baðstofu. Hópurinn rýnir í verkið og talað er um hvað myndin er dökk. Það er dimmt í baðstofunni, fólkid sem hlustar á upplesturinn, ljósið sem lýsir lesaranum, og hvort það komi innan úr bókinni sem tákni um upplýsinguna. Það spinnast áhugaverðar umræður um það og möguleika málverksins til að túlka raunveruleikann eða hagræða honum.

¹⁴

Þórarinn Eldjárn 1994:49

Næst stoppum við á annarri hæð við Bogasal en í skotinu við stigann er lítil sýning sem kallast *Stoppað í fat*. Þar eru sýndir munir sem gert hefur verið við, bæði áhöld og fatnaður. Það er lesið upp af einu skiltanna sem fjallar um stakk sem er margbættur og stagaður. Saga fatsins er rakin frá því forfaðir gefandans óf ullarefnið sem sniðið var úr, það gekk manna á milli og endaði svo á safni. Áhugaverðar umræður spinnast um að hverdagslegustu hlutir geti orðið að merkilegum sögum. Einnig um hvernig fólk hefur hætt að gera við hluti og þeim frekar kastað en einnig um hvort það sé að snúast við aftur í dag. Á leið okkar niður á jarðhæð freistast ég til að teyma hópinn í klefa sem geymir kirkjugripi frá kaþólskum tíma á Íslandi. Við skoðum aðeins einn hlut, Maríuklæði frá Reykjum í Tungusveit, og veltum fyrir okkur missmíð á því sem veldur nokkrum heilabrotum. Ég segi þeim frá skýringum sem gefnar hafa verið og þær smíða sína eigin kenningar á móti. Þetta er áhugaverð umræða en tíminn er of stuttur því það líður að leiðsögn frá fræðsludeild safnsins.

Þegar við komum niður er enginn tími til að setjast niður og taka pásu því safnkennari frá fræðsludeildinni tekur á móti okkur. Klappstólar sem hægt er að taka með og tylla sér á koma að góðum notum þar sem við erum búnar að vera á rölti í næstum klukkutíma. Leiðsögnin sem hópurinn fær er nákvæmari en ég gerði ráð fyrir. Safnkennarinn gefur færi á spurningum og umræðu sem hópurinn svíkst ekki um að koma með. Þessar ljósmyndir eru sérstaklega vel til þess fallnar að skapa umræðu, til dæmis er rætt um hvað fólk er veðurbarið og útitekið, með vinnulúnar hendur og lítur út fyrir að vera eldra en það er. Það vekur furðu að það sem við höldum vera rígfullorðnar konur eru í raun fermingastúlkur. Sumar sögur eru erfiðari en aðrar. Til dæmis hvernig allar tennur voru dregnar úr ungu fólki sem jafnvel var bara með eina skemmda. Tíminn líður fljótt og leiðsögnin verður ítarlegri og lengri en áætlað var. Því er ákveðið að sleppa stuttu paraverkefni enda er umræðan sem tengist því afgreidd og þar að auki hafa konurnar í hópnum ekki fengið hlé. Við endum því skoðunina á að rýna í baðstofumynd Bárðar og berum hana saman við málverk Augusts Schiöth. Á leiðinni út nefnir ein úr hópnum að það sé merkilegt að sennilega hefði hún aldrei farið í safnið ef ekki hefði verið þessi ferð með hóp.

3.1 Skipulag námskeiðsins

Til að vinna hina eigindlegu athugun og kanna gildi tilgátunnar um eflandi áhrif listskoðunar var námskeið skipulagt og prufukeyrt síðla vetrar 2011. Námskeiðið skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar tveggja daga smiðju sem fram fór í Hlutverkasetri en sagt er frá þeirri aðferð í öðrum kafla. Hinsvegar skoðun á ljósmynda- og myndlistarsýningum í fimm söfnum í Reykjavík: Þjóðminjasafni Íslands, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi og Ásmundarsafni og Listasafni Íslands. Hér er sagt frá hópnum sem tók þátt í námskeiðinu og Hlutverkasetri þar sem smiðjan fór fram. Einnig er sagt frá skipulagi smiðjunnar og sýningunum sem skoðaðar voru.

3.1.1 Hópurinn og Hlutverkasetur

Þátttakendur í námskeiðinu voru konur á aldrinum 44-68 ára. Fjöldi þátttakenda var í upphafi 12 en að lokum varð til kjarni 8-10 kvenna sem hélst allan tímann. Í kafla um minninga- smiðju aðferð kemur fram að aðferðin henti helst vinnu með kvennahópum því líkur séu á að konur eigi léttara með að tjá sig frjálstlega í kvennahóp. Því var ákveðið að í hópnum yrðu einungis konur þó það útiloki ekki að hægt sé að nýta þessa aðferð síðar með blönduðum hópum. Margar kvennanna sóttu önnur námskeið tengd listsköpun eða handverki í Hlutverkasetri. Flestar voru konurnar atvinnulausar utan ein sem var nýbúin að fá vinnu. Valið var í hópinn af starfsfólki Hlutverkaseturs en miðað var við að þátttakendur hefðu sem minnsta reynslu af listskoðun. Tvær voru þó vanar að skoða listsýningar nokkuð reglulega og um helmingur hinna talaði um að fara stöku sinnum en þó ekki oft. Enginn þeirra hafði heimsótt öll söfnin sem við skoðuðum en allar höfðu komið inn á eitthvert þeirra. Til að tryggja góða mætingu þátttakenda var útbúinn samningur þar sem þær samþykktu að taka þátt í smiðju og skoðun sýninga og rýnivíðtali í lokin.

Hlutverkasetur í Borgartúni er rekið af AE starfsendurhæfingu í þeim tilgangi að efla virkni og þátttöku fólks sem misst hefur hlutverk í lífinu, hvort sem það er atvinnumissir eða vegna heilsubreysts. Í þeim tilgangi eru þar haldin fjölbreytt námskeið sem öll miða að því að halda fólki virku og eins og segir á heimasíðu setursins er

leiðarljós þess virk samfélagsþátttaka og að sinna hlutverkum sem gefa lífinu tilgang og þýðingu.¹⁵ Hópnunum bauðst að nýta aðstöðu Hlutverkaseturs fyrir smiðjuna, þar sem þátttakendur voru á heimavelli og hagvanar.

3.1.2 Smiðjan

Smiðjan sem fram fór í Hlutverkasetri var unnin eftir svokallaðri ljósmynda- minninga- aðferð sem sagt er frá í öðrum kafla. Þátttakendur voru beðnir að koma með ljósmynd úr eigin fórum sem tengjast átti þemanu *Ferðalag*. Langflestar gerðu það utan þrjár sem bættust við á síðustu stundu og höfðu því ekki sömu upplýsingar og hinar. Þetta var leyst með því að þær unnu með minningu án ljósmyndar eins og minninga- smiðju aðferð er hugsuð upprunalega. Það hafði þó meiri áhrif á þátttöku þeirra að þær mættu eftir að kynningu lauk fyrri daginn og tók því aðeins lengri tíma að komast inn í vinnuna sem komin var af stað. Þrátt fyrir þessa byrjunarerfiðleika var þátttakan í smiðjunni mjög góð og allar konur voru mjög virkar, bæði í skrifum og umræðu í kjölfarið. Að endingu flosnuðu þær síðkomnu þó frá hópnunum, utan ein, og er hugsanlega hægt að skrifa það á þessar aðstæður.

3.1.3 Sýningarnar

Fyrir námskeiðið var útbúin kennsluáætlun fyrir hvern dag með hópnunum. Sem leiðarljós við gerð hennar voru ýmis fræði höfð til hliðsjónar: (1) Spurningar sem tengja má við póstmóðerníska nálgun við safnfræðslu og sagt er frá í kafla 6.1. (2) Kenningar um reynslumiðað nám og félagslega hugsmíðahyggju. (3) Kenningar um fullorðinsfræðslu. (4) Mikilvægi upplifunar.

Þótt talað sé um listskoðun á söfnum falla ekki öll söfnin sem heimsótt voru undir skilgreininguna listasafn. Þannig er Þjóðminjasafn Íslands menningarminjasafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur ljósmyndasafn. Þó er í báðum þessum söfnum haldnar myndlistarsýningar enda eru mörkin milli ljósmyndar sem iðnaðarframleiðslu eða listmiðils eru oft óljós.

Leiðsögn eða fræðsla um hverja sýningu var fengin frá hverju safni. Gert var ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika meðal annars vegna þess að áhugaverðar umræður eða

¹⁵ Hlutverkasetur 2009

spurningar gætu orðið fyrirferðameiri en fyrirfram var gert ráð fyrir. Val sýninga helgaðist að miklu leyti af því að hópurinn hafði byrjað að vinna með eigin ljósmyndir og minningar í smiðjunni. Fyrsta sýning sem skoðuð var á Þjóðminjasafni Íslands fjallaði þannig um ljósmyndir frá byrjun 20. aldar. Það var áhugavert að byrja á þessari sýningu því að við hverja ljósmynd er komið fyrir ítarlegri lýsingu á innihaldi hennar. Þannig var hugsað út frá kenningum um reynsluna og því að fullorðnir nemendur hafa mikla og margvíslega reynslu og þekkingu að baki. Að öðru leyti var reynt að velja sýningar sem byðu upp á fjölbreytta miðla, ljósmyndir með sagnfræðilegt gildi, ljósmyndir sem myndlist, klippimyndir, skúlptúr, innsetningar og hljóðverk. Þannig fengist sem fjölbreyttust sýn á myndlist. Í hverju safni voru fleiri en ein sýning skoðuð en tími hverrar heimsóknar var breytilegur allt frá rúmlega klukkustund upp í hálfan þriðja tíma.

4. Annað safn

„...ljósmynd var bara ljósmynd en eftir að ég kom á þetta námskeið þá áttaði ég mig á því að í fyrsta lagi að ljósmyndun er listgrein og í öðru lagi er ljósmyndin svo mikil heimild...“ (53 ára þátttakandi sem fer ekki oft á listasöfn)

Hér segir frá heimsókn á Ljósmyndasafn Reykjavíkur með viðkomu í Artóteki sem tilheyrir Borgarbókasafni. Einnig er sagt frá kenningum John Dewey en hann taldi eitt mikilvægasta viðhorf sem myndaðist í námi væri löngunin til að halda áfram að læra. Dewey átti ásamt fleirum þátt í að móta kenningar um félagslega hugsmíðahyggju. Í þeim er áherslan lögð á áhrif hinna félagslegu samskipta á nám þegar unnið er í hóp.

Í Ljósmyndasafninu er okkur er boðið að setjast við fundarborð þar sem við fáum mjög fróðlegan fyrirlestur um sögu ljósmyndunar á Íslandi. Það skapast fjörlegar umræður og margar spurningar koma upp. Til dæmis myndast umræða um mikilvægi þess að varðveita allar ljósmyndir og fram kemur að Ljósmyndasafnið tekur á móti einkasöfnum til varðveislu sem fólk veit ekki hvað á að gera við. Það er margoft vitnað í eigin ljósmyndir en umræðan snýst líka um hvernig hversdagslegustu sögur geta verið jafn merkilegar og sögur af mikilmönnum og frægðarfólki.

Hópurinn fær líka leiðsögn í gegnum sýningarnar en þær eru þrjár í safninu á þessum tíma: *Hús eru líka fólk* ljósmyndir Þóris Ingvarssonar, ljósmyndir Leifs Þorsteinssonar og svo aðalsýningin *Innviðir* eftir ljósmyndarann og tónlistarmanninn Orra. Skoðunin og leiðsögnin hefur greinilega mikil áhrif á þátttakendur, við höldum áfram að ræða við safnkennarann en af og til stingur ein og ein sér út úr hópnum til að rýna í einstaka mynd. Ljósmyndirnar eru mjög skarpar, ekkert gler er í römmum og þær virka sérstaklega tærar.

Hópnum bregður svolítið í brún þegar þeim er tilkynnt að ég hafi skriflegt verkefni fyrir þær að leysa og malda jafnvel svolítið í móinn. En auðvitað leysa þær verkefnið sem er að vinna örsögu út frá einni ljósmynd sem hver um sig velur. Örsögu sem má vera stutt, jafnvel ein eða tvær setningar en á að byrja á: Ég man, eins og sögurnar í bók Þórarins Eldjárns *Ég man*. Nægilega langur tími er gefinn til að skrifa og síðan les hver og ein upp sína sögu við viðeigandi mynd. Við ræðum sögurnar og rýnum í myndirnar.

Eftir umræðurnar yfirgefum við Ljósmyndasafnið og við færum okkur niður á jarðhæð í Artótekið í Borgarbókasafni.

Í Artóteki eigum við góða stund því þarna er ágætt næði til að tala saman. Á vef Artóteksins var hægt að sjá að Rósa Sigrún Jónsdóttir hefði opnað sýninguna *Saumavél*. Umræðurnar spinnast um hvað Rósa Sigrún er að vinna með, tæknina sem hún notar og hvert hún er að fara með verkum sínum. Þarna er ágætt næði til að endurtaka og fara yfir það sem við sáum í Ljósmyndasafninu og það er greinilegt að sú heimsókn hefur verið áhrifarík. Að lokum bætir ein úr hópnum því við hvað það er gaman að læra um eitthvað sem tengist eigin reynslu.

4.1 John Dewey og reynslumiðað nám

„...því að jafnvel þeir, sem skoða þau sjer til skemmtunar, læra á því margt fyrirhafnarlaust og hjá mörgum getur vaknað löngun til þess að læra meira.“¹⁶ Björn Bjarnason, lögfræðikandídat skrifar þessi orð í júlíhefti tímaritsins *Heimdallar* en árið 1884 afhenti hann íslensku þjóðinni safn málverka sem stofn að listasafni. Af orðum Björns að dæma áttaði hann sig á mikilvægi myndlistar fyrir menntun þjóðarinnar. John Dewey einn mikilvægasti kennimaður okkar tíma í menntunarfræðum taldi einmitt að eitt mikilvægasta viðhorf sem myndaðist hjá nemendum við margskonar óbeinan lærdóm væri löngunin til þess að halda áfram að læra. Dewey talaði um að nauðsyn þess að gefa þessu gaum þar sem það væri ekki síður mikilvægt en hið skipulagða bóknám.¹⁷ Hann taldi þannig mjög mikilvægt að sköpuð væru skilyrði sem gætu haft ákjósanleg áhrif á framtíð hvers og eins því menntun sem þroski ætti að vera ævarandi ferli.

Reynslan er í brennidepli í kenningum Deweys. Hann lagði þannig áherslu á að samfella væri í reynslunni, að hún kæmi aldrei að notum ef hún stæði ein og án samhengis heldur þyrfti hún helst að tengjast fyrri reynslu og þekkingu einstaklingsins þannig að ný þekking myndaðist. En hann lagði einnig áherslu á að þó að öll sönn menntun eigi sér stað með tilstyrk reynslu merki það ekki endilega að öll reynsla leiði til sannrar eða jafngóðrar menntunar. Þannig væri slæm reynsla neikvæð í

¹⁶ Selma Jónsdóttir 1985:7

¹⁷ Dewey 2000:58

menntunarlegu tilliti og gæti haft þveröfug og jafnvel hamlandi áhrif.¹⁸

Á árunum 2008 til 2010 tóku íslenskir aðilar þátt í alþjóðlegri Akademíu um reynslumiðað nám sem styrkt var af Evrópusambandinu. Á vefsíðu Akademíunnar kemur fram að þörf sé á að þjálfa kennara og leiðbeinendur sem stýra reynslumiðuðum námsferlum og að brýn þörf sé á að dýpka þekkingu og reynslu þeirra á þessu sviði. Þar kemur einnig fram að í stefnumótun ESB um fullorðinsfræðslu sé hvatt til að „gæði námsframboðs fyrir fullorðna námsmenn verði tryggt.“ En þetta eru einmitt forgangsverkefni Grundtvig styrkjaáætlunar ESB.¹⁹

4.2 Félagsleg hugsmíðahyggja

Rætur hugsmíðahyggju (e. Constructivism) liggja aftur til heimspekingsins Sókratesar og aðferðar hans að halda uppi samræðum við nemendur sína og fá þá til að bregðast við gagnrýni á eigin hugsun.²⁰ Það voru þó heimspekingar og menntunarfræðingar 20. aldar eins og Jean Piaget, Lev Vygotsky, John Dewey og fleiri sem höfðu hver á sinn hátt áhrif á mótun hennar sem hugmyndafræði.²¹

Hugsmíðahyggja byggir þannig á rannsóknum á hvernig fólk lærir og byggir upp þekkingu á heiminum í gegnum eigin reynslu. Þegar við verðum fyrir nýrri reynslu metum við hana með því að endurmeta fyrri þekkingu og hugmyndir. Nýja þekkingin breytir þannig fyrri hugmyndum okkar en við getum líka ýtt henni frá okkur sem ómerkilegri eða óþarfri. Það sem máli skiptir er að við séum virk í að byggja upp okkar eigin þekkingu. Til að ná því markmiði þurfum við að spyrja spurninga, kanna og meta vitneskju okkar.²²

Félagsleg hugsmíðahyggja (e. Social constructivism) þróaðist síðan út frá rannsóknum á 8. áratug 20. aldar sem sýndu að félagsleg samskipti hafa mikil áhrif á vitsmunaproska. Þannig hafa Piaget og Vygotsky bent á mikilvægi samræðunar og samskipta við aðra í ferlinu við uppbyggingu þekkingar ekki hvað síst mikilvægi samræðu kennara og nemenda í ferlinu.²³ Einnig má segja að í námi sem á sér stað utan

¹⁸ Dewey 2000:48

¹⁹ Via Experientia 2010

²⁰ Thirteen Ed Online 2011

²¹ Greene 2005:110

²² Mayer 2010:103-104, Adams og fleiri 2003:16

²³ Beck og Kosnik 2006:12, Leinhardt og fleiri 2002:325

skólastofu, til dæmis á listasafni, skipti hópurinn en ekki síður kennarinn miklu máli í því að veita einstaklingnum aukið öryggi og sjálfstraust. Margvíslegar rannsóknir styðja þetta. Sem dæmi má nefna skýrslu hóps á vegum *Institute of Education* og *Birkbeck College, University of London* um rannsóknir á áhrifum náms á heilsufar og félagslega virkni. Í skýrslunni kemur meðal annars fram mikilvægi jákvæðra áhrifa hópsins á hvern einstakling innan hans. Þannig höfðu bæði kennarar og samnemendur áhrif á nám.²⁴ Nefna mætti fleiri þætti sem hafa áhrif á félagslega hugsmíðahyggju og hafa verið skoðaðir af þeim sem aðhyllast stefnuna til dæmis áhrif tungumáls og menningar.

²⁴

Schuller og fleiri 2002:22-24

5. Þriðja safn

„Ég lít öðrum augum á Erró eftir þessa heimsókn“

(48 ára þátttakandi sem fer mjög sjaldan á listasöfn)

Hér segir af heimsókn á Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús þar sem skoðaðar voru sýningar á klippimyndum Errós og þrívíddarklippri hans. Einnig segir frá Malcolm Knowles og kenningum hans um fullorðinsfræðslu en mikilvægir þættir þeirra eru til dæmis hlutverk kennarans sem liðkar fyrir námi fremur en að troða inn upplýsingum, mikilvægi fyrri reynslu hvers nemenda og innri hvöt sem skapast af vissu um betra líf eða líðan.

Eins og á hinum stöðunum safnast hópurnir fyrst saman í anddyri safnsins. Síðan er haldið upp á aðra hæð og byrjað á að skoða skólaverkin sem eru í sýningarkössum úti á gólfi. Sérstaða Errós í íslensku listalífi er rædd, hvernig hann hefur nær alla starfsævi sína unnið utan landssteina og standi því eins og stakur því það er erfitt að setja hann í samhengi við aðra íslenska listamenn. Það er líka rætt um hvað það er erfitt að vera öðruvísi og safnkennari okkar notar tækifærið og minnst orða Birgis Andrésónar myndlistarmanns um að það að vera listamaður sé eins og að vinna vegavinnu. Því miður kannast engin í hópnum við Birgi svo sú umræða deyr út. Þetta er mér áminning um að ekki eru allir listskoðendur endilega sérfræðingar og þeim sem lifa og hrærast í heimi myndlistar hættir til að gleyma því að hlutir sem þeim sjálfum eru sjálfsagðir geta verið algerlega ókunnir öðrum.

Það örlar á þeirri skoðun að Erró hafi kannski verið örlítið „of“ duglegur og talað um framleiðslulist í því sambandi. Smám saman eftir því sem líður á skoðunina og umræðuna heyrast fleiri raddir um að maður átti sig betur á honum. Þetta á jafnt við um mig og aðra þátttakendur. Sérstaklega tekur ein úr hópnum listamaðinn í sátt við að skoða þrívíddarklippin og ljósmyndir af gjörningum sem hann tók þátt í.

Umræðan spinnst annars í margar áhugaverðar áttir, til dæmis myndast umræða um handverk og gildi þess og talið berst óvænt að sænskum listamönnum, Carli og Karen Larssen en Svíar hafa haldið nafni þeirra á lofti með merkilegu safni og heimasíðu. Þessi umræða spinnst út frá athugasemd safnkennarans um varðveislu hefðar og bilinu

milli þess og þjóðernishyggju sem er stundum mjótt.

Hópurinn endar klippimyndaskoðun á að setjast fyrir framan þrjár klippimyndir sem eru paraðar saman við málverk sem Erró vann eftir þeim. Í ofhlæðinu sem einkennir verk Errós er þetta ágætt tækifæri til að rýna í hvernig hann endurgerði klippimyndirnar í málverkum og hversu nákvæmur eða ónákvæmur hann var í eftirgerðinni.

5.1 Knowles og fullorðinsfræðsla

Elstu þekktu merki um notkun hugtaksins andragogy er að finna hjá þýskum menntaskólakennara, Alexander Kapp frá árinu 1833. Kapp útskýrði hugtakið ekki nánar og ekki er ljóst hvort hann fann það upp sjálfur eða tók frá öðrum. Hann talar um þörfina á að mennta fullorðna en á þeim tíma var notast við hugtakið adult learning og því sennilega ekki þörf fyrir nýtt hugtak. Því skaut upp kollinum aftur 1920 í Þýskalandi og var þá notað í tengslum við hugtökin hvað, af hverju og hvernig í tengslum við fræðslu fullorðinna án þess þó að vera lýst sem aðferðafræði. Á 7. áratugnum tók bandaríkjamaðurinn Malcolm Knowles, sem oft er talað um sem föður kenninga um fræðslu fullorðinna, það upp á sína arma og mótaði sínar kenningar um að fullorðnir nemendur lærðu ekki á sama hátt og börn.

Mikilvægir þættir í kenningum Knowles eru þannig fyrri reynsla nemenda, þörf nemenda á að vita hversvegna þeir eiga að læra eitthvað sem aftur virkar sem námshvati, að fullorðnir nemendur séu fremur en börn meðvitaðir um ábyrgð á eigin lífi, vissa um betra starf eða laun en ekki síður hvatning sem felst í bættum innri gæðum svo sem bættu sjálfstrausti og meiri lífsgæðum.²⁵ Segja má að í námskeiðinu hafi fyrri þekking þátttakenda leikið stórt hlutverk í vinnunni. Þannig var mikilvægur þáttur í smiðjunni í byrjun námskeiðsins byggður á eigin minningum og reynslu þeirra. Einnig má hugsa sér að hvatinn til þátttöku í námskeiði eins og lýst er í þessu verkefni liggja í vissunni eða von um bætt innri gæði og meiri lífsgæði tengdum þeim fremur en vissu um efnahagslegann ábata.

Í kenningum Knowles er einnig talað um hlutverk kennarans sem hjálpar til og liðkar fyrir námi fremur en að stýra hverju nemandinn á að læra. Við skipulagningu

²⁵ Knowles 1998:67

námskeiðsins var það enda haft í huga að fræðslan sem borin væri á borð yrði góður hvati fyrir þátttakendur til að taka sem virkastan þátt í umræðum um sýningarnar.

Hin seinni ár talaði Knowles sjálfur um að ekki væri algerlega hægt að aðskilja kenningar um nám barna og fullorðinna því í raun væri margt sameiginlegt með þeim. Einnig má segja að hugmyndir um fullorðinsfræðslu hafi almennt þróast. Þannig var áherslan á árunum fyrir 1970 á að kennarinn liðkaði fyrir og styddi nám. Eftir þann tíma hefur athyglin beinst að námsumhverfi, það er að segja því að nám þurfi ekki endilega að fara fram í hefðbundnu umhverfi stofnana sem er sérstaklega skipulagt til þess. Hefur verið bent á fjarnám og nám í óhefðbundnu umhverfi í þessu sambandi en auðveldlega mætti nefna skoðun myndlistar á söfnum sem dæmi um slíkar óhefðbundnar aðstæður.²⁶

²⁶

Reichmann 2004:1-6, Knowles 1998:1

6. Fjórða safn

„Þegar ég vann Vatnsberann, hafði ég tröllslega fjallamyndun Íslands í huga. Og svo vinnukonurnar, sem ég sá í æsku minni brjótast út í hríðina og koma gaddfreðnar til baka með vatnsfötur sínar. Þær vildu ekki láta kenna í brjósti um sig. Alls ekki. Ég mundi aldrei gera mynd af verkafólki, þar sem hægt væri að sjá meðaumkun. Þetta fólk á annað skilið.“²⁷

Hér segir af heimsókn á Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn þar sem við sáum uppsetta vinnustofu listamannsins og sýningu á verkum hans af konum *Ég vil blómlegar konur*. Einnig *Svefnljós*, innsetningu Ráðhildar Ingadóttur í Kúlunni. Hér er einnig talað um hvað póstmóðernísk safnfræðsla táknar en spurningar sem tengjast henni voru hafðar til hliðsjónar við gerð kennsluáætlunar fyrir safnferðirnar í námskeiðinu.

Það er kalt, sólskin og snjór yfir öllu. Ásmundarsafn ljómar í þessari birtu og hér eins og reyndar á öllum stöðum sem hafa verið heimsóttir í þessu verkefni er vel tekið á móti hópnum sem smám saman tínist inn í anddyri safnsins. Við höfum safnið útaf fyrir okkur þar sem það er aðeins opið fyrir hópa virka daga á vetrartíma. En það er galli að því leyti að það þýðir að hópurinn hefur takmarkaðan tíma til að dveljast á safninu.

Það er boðið til sætis í skoti sem er hluti af grind sem sett hefur verið upp í pýramída safnsins. Þarna er ýmislegt fróðlegt sem tengt er sögu listar Ásmundar. Tækifærið er nýtt til að skerpa á ýmsu frá síðustu heimsókn og koma að spurningum sem vöknudu þá. Við lítum meðal annars á myndir af tveimur verkum Birgis Andrésónar sem minnst var á í heimsókninni í Hafnarhús án þess að nokkur kannaðist við hann. Við þetta myndast skemmtileg umræða og safnkennarinn tekur undir og bendir til dæmis á að verk Birgis séu þessa dagana til sýnis á *Sýningu sýninganna* á Kjarvalsstöðum. Mér verður ljóst að þetta er ágæt leið til að skerpa á einhverju sem annars er óljóst. Sömu leiðis myndast áhugaverð umræða um hugmynd Birgis um vegagerð og hlutverk listamannsins og við tengjum þá umræðu verkum Einars Jónssonar og Kjarvals sem báðir unnu með hugmyndina um brautryðjandann. Við ræðum líka um verk í opinberu

²⁷ Matthias Johannessen 1999:9

rými, hvar þau er að finna. Upp kemur skemmtileg hugmynd um að áhugavert væri að skoða listaverk í almannarými sérstaklega. Umræðan snýst að öðru leyti mest um verkið *Vatnsberann* sem stendur úti á gólfi á milli þeirra sem sitja á bekkjunum, þrautaganga verksins eftir að Fegrunarfélag Reykjavíkur keypti það og alveg þangað til 18 árum síðar að því var fundinn staður í Öskjuhlíð vekur upp margar spurningar.

Við göngum síðan um safnið og aftur og aftur er talað um hvað það sé frábært að koma loks í þetta safn og það er minnst á þrekvirki listamannsins að reisa þetta hús. Við stöldrum ekki við öll verkin en skoðum samt vel verkið *Fýkur yfir hæðir* og ræðum hvernig það fékk nafnið sitt og til dæmis hvernig Ásmundi tekst í einföldum formum að lýsa verndinni í verkinu.

Í kúlunni er sérsýning á verki Ráðhildar Ingadóttur *Svefnljós*. Verkið byggir á algerri myrkvun rýmisins og er aðeins dauft ljós sem þarf tíma og þolinmæði til að skynja. Það skiptir miklu máli að hafa nægan tíma en hann höfum við því miður ekki, nokkrar úr hópnum sem treysta sér upp myrkvaðan stigann fara því erindisleysu og koma til baka nokkuð ráðvilltar. Ég fer sjálf upp með einni en við höfum sömuleiðis of stuttan tíma til að skynja verkið og förum sömu erindisleysu og hinar. Orð John Deweys um að listaverk geti ekki átt sér líf nema í upplifun einhvers eiga vel við hér því án þess að við skynjum verkið er þetta bara myrkvað rými, upplifun verksins hefur ekki orðið. Afleiðing af slíkri hraðferð eða óuppfylltum væntingum getur orðið neikvæð mynd af heimsókninni.²⁸

Hópurinn endar á sama stað og við byrjuðum frammi í anddyri og í hinum píramídanum þar sem búið er að stilla upp verkstæði listamannsins. Þar er mögulegt að virða fyrir sér nokkrar frumgerðir verka Ásmundar og hin ýmsu efni sem hann nýtti sér við listsköpun sína. Að lokinni stuttri yfirferð yfir það sem við höfðum skoðað er ljóst að rétt rúmur klukkutími nægði ekki fyrir þessa heimsókn.

6.1 Listfræðsla á póstmódernískum tímum

Franski heimspekingurinn Jean-François Lyotard talaði um að einkenni hins póstmóderníska ástands væru þau að hin stóru kerfi, hinar stóru sögur svo sem

²⁸ Dewey 2005:113, Henry 2000:101

alþjóðlegar skilgreiningar á menningu, misstu máttinn og væru á undanhaldi. Í staðinn hlyti veröldin merkingu með staðbundnum og persónulegum sögum og viðburðum.²⁹ Síðari tíma fræðimenn eins og Anthony Giddens sem hafa tekið þátt í þessari umræðu vilja frekar tala um síðmóðernisma (e. Late-modernism) en póstmóðernisma.³⁰ Í bók sinni *Íslensk Menningarpólitík* vísar Bjarki Valtýsson í þetta og talar um hve flókin orðræðan um móðernisma og póstmóðernisma er orðin: „...þá halda margir því fram að póstmóðernismi sé í raun rangnefni. Móðernisminn hafi aldrei liðið undir lok heldur einungis tekið stakkaskiptum og það sem er kallað póstmóðernismi sé í raun einungis rökrétt framhald upphaflega móðernismans. Því er oft gripið til hugtaksins síðmóðernismi sem einskonar blöndu móðernisma og póstmóðernisma.“³¹

Á árunum 1991-1994 unnu Juliet M. Tapia og Susan H. Barrett rannsókn sem sýndi að póstmóðernísk safnfræðsla hefði náð að festa sig í sessi í bandarískum listasöfnum. Aðaláherslan á upphafsárum listasafna hafði verið á fræðsluhlutverk þeirra. Þau voru staðir þar sem almenningur var upplýstur en þó algerlega á forsendum þeirra sem réðu yfir þekkingunni, þeir æðri áttu að upplýsa þá lægri. Í gegnum næstum alla 20. öldina hafi fræðslugildi listasafna síðan verið sett í annað sætið á eftir menningarlegu og safnfræðilegu gildi þeirra. Í því sambandi hefur Stephen Weil bent á orð Michaels Conforti sem talar um að í byrjun 20. aldar hafi áhrifamikil söfn eins og *Museum of Fine Arts* í Boston og *Metropolitan* safnið í New York horfið frá því að hafa fræðsluhlutverk sitt í fyrirrúmi og tekið að leggja áherslu á fagurfræðilegt hlutverk sitt. Conforti segir að ef til vill óviljandi hafi þannig um leið orðið til elítuvæðing safnanna.³²

Laurie E. Hicks hefur skrifað um eflingu og samfélag sem hún skoðar út frá femínískri nálgun við listkennslu. Hún talar þar um að nauðsynlegt sé að slík efling sé tengd við styrkingu séreinkenna í nærsamfélaginu og hefða minnihlutahópa.³³ Í undirbúningi fyrir námskeiðið sem var hluti af þessu verkefni voru hafðar að leiðarljósi spurningar, sem Tapia og Barrett tala um að einkenni póstmóðerníska safnfræðslu. Þannig sé tekið tillit

²⁹ Lyotard 2008:50-51

³⁰ Bech, Giddens og Lach 1994:197

³¹ Bjarki Valtýsson 2011:27

³² Weil 2002:160

³³ Hicks 1990:43

til persónulegrar sögu, samvinnu, samspils há- og lágmennningar, margbreytilegra túlkunarmöguleika og afhelgunar safnrýmisins. Dæmi um slíkar spurningar eru: Hvern ávarpar þetta verk? Fyrir hverja er það unnið? Fyrir hverja er það til sýnis? Hver hagnast á því? Er einhver hafður útundan, að hann geti notið þess eða séð það eða haft aðgang að skilningi að hinum menningarlega eða vitsmunalega heimi sem það stendur fyrir.³⁴ Það er áhugavert bæði út frá lýðræðislegu og samfélagslegu sjónarmiði að hafa þetta í huga þegar hugsað er um fræðslu um myndlist. Sérstaklega spurninguna um aðgang að hinum menningarlega eða vitsmunalega heimi sem virðist ekki alltaf vera opinn öllum.

Ragna Sigurðardóttir skrifaði í gagnrýni um sýninguna *CHARLIEHOTELECHO-ECHOSIERRAECHO* sem haldin var í Nýló 2010:

Af hverju þessi algenga ósk um að listin sé fyrir alla? Hvorki súkkulaði né fótbolti eru það, af hverju að gera þær kröfur til samtímamyndlistar? Þessir listamenn gera örugglega ekki þá kröfu. Sýning þeirra er ekki gerð fyrir almenning svona almennt séð, ekki fyrir þá sem kjósa að sjá í myndlistinni staðfestingu á þeim raunveruleika sem þeir þekkja nú þegar og viðteknum hugmyndum sínum um listina. Verk Rosen og Wojnar eru fyrir hina, sem hafa áhuga á listum og eru forvitnir.³⁵

Ragna var þarna að vísa í gagnrýni Braga Ásgeirssonar á þá list sem hann kallaði stundum „Aðeins fyrir innvígða.“ Orð Rögnu mætti túlka þannig að listamenn ættu ekki að þurfa að breyta verkum sínum eða laga þau að þörfum almennings svo þau verði auðskiljanlegri. Það má segja að það sé hlutverk okkar sem eiga að miðla þekkingunni að liðka fyrir þeim skilningi. Það geta ekki allir verið sérfræðingar en með góðu skipulagi í fræðslu um myndlist getur hún og á að eiga erindi við sem flesta.

³⁴ Tapia og Barrett 2003: 199

³⁵ Ragna Sigurðardóttir 2010

7. Fimmta safn

„...að njóta lista er að næra tilfinningalíf og vitsmuni. Þær eru lífsgæði sem hver einstaklingur á rétt á að njóta.“³⁶

Hér segir af heimsókn hópsins á Listasafn Íslands. Þar sáum við innsetningu Magnúsar Pálssonar *Viðtöl um dauðan* og verk á sýningunni *Hljóðheimar*. Í framhaldinu er fjallað um upplifun og mikilvægi hennar bæði fyrir þann sem upplifir og listaverkið sem upplifað er.

Þegar við komum í safnið hleypur á snærið hjá okkur því að Hekla Dögg Jónsdóttir er að huga að verki sínu *High Life* í anddyri safnsins. Hún segir hópnum frá verkinu, eftir að ég hef byrjað með stuttan formála. Þetta er óvænt viðbót við það sem við áætluðum í heimsókninni en ég finn enn og aftur að það er ef til vill betra að reyna að einfalda og koma ekki með of miklar upplýsingar. Hekla býður upp á spurningar í lokin en ef til vill þarf hópurinn að melta því ég verð vör við að spurningarnar vakna tveimur dögum seinna þegar ég á viðtal við hópinn. Um þessa seinkun á þekkingaröflun hafa Adams, Falk og Dierking rætt en þau tala um að árangur fræðslu verði oft ekki áþreifanlegur fyrir en að einhverjum tíma liðnum, dögum, vikum eða jafnvel mánuðum.³⁷

Við fáum svo fyrirlestra frá starfsmönnum safnsins, fyrst um innsetningu Magnúsar Pálssonar og síðan um sýninguna *Hljóðheimar* og í kjölfarið er ætlunin að þátttakendur skoði verkin sjálfstætt. Okkur er bent á að innsetning Magnúsar og verkin á sýningunni *Hljóðheimar* séu þess eðlis að betra sé að þátttakendur fái að upplifa þau án truflunar, það er að segja að betra sé að hópurinn fái stuttan fyrirlestur áður en farið er inn í rýmið en hafi svo næði til að upplifa verkin. Í öllum verkunum leikur hljóð stórt hlutverk og það hentar þess vegna illa að reyna að tala við hóp yfir þau. Það kemur sér vel að hér eins og í Þjóðminjasafninu hafa gestir aðgang að klappstólum sem hægt er að taka með sér. Þátttakendur nýta sér það en þetta skiptir miklu máli þegar staðið er við til að hlusta á leiðsögn.

Það er byrjað á að skoða verk Curvers Thoroddsen sem eru í sama sal en annað sem er

³⁶ Aðalnámsskrá framhaldsskóla 1999:8

³⁷ Adams og fleiri 2003:17

myndbandsverkið *Fjölskyldukvintett I* er í sérstöku rými sem byggt er inn í salinn. Þegar fram er komið kemur í ljós að um helmingi hópsins sást yfir annað verkið af tveimur inni í salnum. Við förum því aftur inn en hinn helmingur hópsins byrjar að skoða innsetningu Magnúsar Pálssonar. Þetta er mér áminning um að fylgjast vel með því að ekki verði eitthvað mikilvægt útundan eða að þátttakendum sjáist yfir hluta af sýningunni. Hópurinn sameinast svo í verki Magnúsar og þar sem er mjög sérstakt andrúmsloft og ég verð strax vör við að hefur áhrif á hópinn.

Þó að kaffistofa safnsins hafi á þessum tímapunkti verið lokað og ekki vitað um framhald á rekstri hennar var hægt að setjast við borð fyrir framan hana. Þar eigum við umræðu sem greinilegt er að öllum þykir mikilvæg eins og reyndar kemur fram síðar. Ég nota tækifærið þarna eins og í Ásmundarsafni að taka með mér myndir af verkum, í þessu tilviki Magnúsar Pálssonar, til að gefa dæmi um hugmyndalist hans. Það eru *Lúðurhljómur í skókassa* frá 1975 og verkið *Sekúndurnar þar til Síkorskyþyrlan snertir* frá árinu 1976.³⁸ Ég hef líka með myndir af verkum Rachel Whiteread sem er þekkt fyrir afsteypur í fullri stærð af neikvæðu rými.³⁹ Myndirnar tengi ég við umræðu um rýmisverk og afsteypur Magnúsar Pálssonar af neikvæðu rými. Umræðan þennan dag varð mjög mikil, hún fór í margar áttir og þá varð að huga að því að umræður færu ekki langt út fyrir efnið.

7.1 Upplifun, fagurfræði og innihald

Við upphaf þessa kafla er vitnað í námsskrá fyrir framhaldsskóla sem var í gildi frá árinu 1999. Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að einstaklingarnir njóti lista. Í almennum kafla nýrrar námsskrár sem á þessu ári var samþykkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu er talað um níu svið lykilhæfni nemenda. Undir skapandi hugsun og hagnýtingu þekkingar er þar talað um að nemendur eigi að geta notið lista, menningar og skapandi starfs á margvíslegu formi en einnig að nemendur skilji hvernig menning tengist atvinnusköpun og samfélagsþróun. Eðlilega er ekki til samræmd námsskrá fyrir fullorðinsfræðslu en að mínu mati lýsa þessar klausur bæði úr eldri útgáfu námsskrá og úr þeirri nýju því ákaflega vel hve mikilvægt þetta er fyrir alla

³⁸ Magnús Pálsson 1994:31 og 33

³⁹ National Gallery of Art 2004

þátttakendur í samfélaginu, ekki síður fyrir fullorðna en börn.⁴⁰

Fræðimaðurinn Chris Whitehead hefur velt fyrir sér margvíslegum ástæðum sem við getum haft fyrir því að skoða list á listasöfnum. Hann veltir upp þeirri spurningu hvort það sem við köllum fagurfræðilega upplifun sé ekki bara enn eitt lærða viðbragðið, eitthvað sem við höfum bætt við til að byggja upp ímynd okkar og hvort við getum í raun haft einhverja fagurfræðilega upplifun af list.⁴¹ Þessi fremur kaldhæðna sýn rímar við hugmynd félagsfræðingsins Stjepan Meštrović um að á okkar póstmóðernísku tímum höfum við vanrækt raunverulegar tilfinningar og sitjum í staðinn uppi með nokkurskonar síð-tilfinningar (e. Postemotional). Þannig séum við ekki lengur fær um að verða fyrir raunverulegri upplifun, ekkert komi okkur á óvart lengur.⁴² Líklega eru skiptar skoðanir um hugmyndir Meštrovićs og Whiteheads. Maria Linko talar til dæmis um þá tilfinningu sína að í stað þess að fólk láti segja sér hvað það á að upplifa við listskoðun treysti það meira og meira á eigin tilfinningar og reynslu og minningar sem það tengir við upplifunina. Ef Linko hefur rétt fyrir sér hlýtur að vera mikilvægt að þeim sem skoða myndlist sé gert mögulegt að tengja eigin minningar og tilfinningar við verkin sem skoðuð eru. Þetta styður rannsókn sem Russel J. Ohta gerði í tengslum við sýninguna *Old Glory: The American flag in Contemporary Art*. Þar kom fram að gestir á sýningunni urðu fyrir djúpri reynslu og upplifun en það sem kom Ohta mest á óvart var hve sterkt hver einstaklingur tengdi reynsluna við eitthvað sem þeir uppgötvuðu innra með sér. Í rannsókninni kom fram að hver einstakur gestur tengdi einmitt sína eigin þekkingu við verkin og upplifunina.⁴³

Heimspekingurinn og fagurfræðingurinn Stephen Weil talar um að í hugum fólks feli listaverk í sér tvo meginþætti: Innihald og eitthvað annað sem í fljótheitum mætti kalla listræna eiginleika. Weil bendir á að listrænt gildi verka feli í sér miklu fleira en ytri eiginleika svo sem frumleika og eitthvað sem er ósvikið og ekta og að listaverk geti haft fagurfræðilega eiginleika þó tilgangur listamannsins hafi í raun verið and-fagurfræðilegur.⁴⁴ Elliot Eisner leggur áherslu á að menn séu meðvitaðir um að

⁴⁰ Aðalnámsskrá framhaldsskóla 2011:24

⁴¹ Whitehead 2007:92

⁴² Linko 2003:66; tilvitnun hennar í Meštrović 1997:xi

⁴³ Weil 2002:69, Watson 2007:40

⁴⁴ Weil 2002:127

listamenn hafi eitthvað að segja. Að innihald sé ekki síður mikilvægt en fagurfræðilegt útlit. Aðrir hafa bent á mikilvægi þess að átta sig á muninum á fagurfræðilegri upplifun sem beri í sér merkingu fyrir líf hvers einstaklings eða upplifun sem sé eitthvað loftkennt án allrar tengingar. Þannig eigi fagurfræðileg upplifun að undirstrika þá krafta sem felast í lífinu sjálfu.⁴⁵

Í heimsókninni á Listasafn Íslands má segja að upplifun þátttakenda af verki Curvers Thoroddsen *Rock'n Roll* undirstriki þetta. Hægt er að segja að verkið sé algerlega sneytt öllum ytri fagurfræðilegum eiginleikum. Fegurð þess er aftur á móti fólgin í upplifuninni sem einstaklingarnir verða fyrir við að ganga á milli hátalara sem varpa þekktum gítarsólóum. Áberandi var til dæmis hve margar tengdu þetta verk við eigin minningar og gerðu meðal annars tilraun til að tengja það við sögu húsnæðis listasafnsins sem skemmtistaðar. Þannig sköpuðust miklar umræður um þetta verk ekki síður en önnur sem skoðuð voru. Það er einnig hægt að hugsa sér að upplifun listaverks sé ekki síður mikilvæg fyrir verkið sjálft en þann sem upplifir það því talað hefur verið um að listaverk geti ekki átt sér líf nema í upplifun eða túlkun einhvers.⁴⁶ Undir þetta gætu þeir þátttakendur tekið sem eins og áður er sagt frá skoðuðu verk Ráðhildar Ingadóttur í Kúlunni. Hugsanlega er hægt að sjá fyrir sér að verkið hafi aldrei orðið til í hugum þeirra þar sem engin þátttakenda hafði nægan tíma til að upplifa það.

⁴⁵ Eisner 2002:51, Carter 2008:94

⁴⁶ Dewey 2005:113, Danto 1981:113

8. Niðurstöður

Í þessari ritgerð velti ég fyrir mér spurningunni um hvort listskoðun með hópi kvenna ásamt því að vinna í smiðju með persónulegar ljósmyndir og minningar geti haft eflandi áhrif á einstaklinginn.

Til að svara spurningunni vann ég eigindlega athugun þar sem ég setti upp námskeið sem samanstóð annarsvegar af ljósmynda-minningasmiðju og hinsvegar skoðun á ljósmynda- og myndlistarsýningum í fimm söfnum. Hópurinn sem ég vann með voru 12 konur á aldrinum 44-68 ára sem allar hafa misst vinnu í kjölfar efnahagskreppunnar. Þær hafa einnig verið þátttakendur á námskeiðum í Hlutverkasetri sem er miðstöð rekin í þeim tilgangi að halda fólki virku sem misst hefur hlutverk í lífinu. Fyrir þátttökuna í námskeiðinu höfðu flestar litla eða fremur litla reynslu af skoðun listsýninga, utan ein sem sagðist heimsækja söfn reglulega og aðrar tvær sem sögðust fara stöku sinnum. Fyrir námskeiðið höfðu allar komið inn á eitthvert safnana sem við heimsóttum þó mislangt væri liðið frá þeim heimsóknum, engin hafði komið á öll söfnin.

Markmiðið með verkefninu er að leggja áherslu á fræðslugildi listskoðunar á söfnum. Að sýna fram á að listrýni geti haft eflandi áhrif og leggja þannig áherslu á mikilvægi þess að fræða listnjótendur ekki síður en að kenna listsköpun. Einnig að skoða áhrif þess að blanda saman vinnu í smiðju, þar sem unnið er markvisst með ljósmyndir í þeim tilgangi að fá þátttakendur til að rýna á annan hátt en þeir voru vanir áður, og að skoða listsýningar. Þá má einnig líta sem svo á að námskeið með þessu sniði geti verið áhugaverð leið til að hvetja fólk til að njóta myndlistar á söfnum og í sýningarsölum.

Að námskeiði loknu átti ég rýnivíðtal við þátttakendur þar sem ég bað þá um að lýsa upplifun sinni. Viðbrögð þeirra voru almennt mjög jákvæð til dæmis sagði ein að: „...þó hávaðinn [í verki Curvers Thoroddsen] hafi verið svolítið truflandi hafi þetta verið mjög vekjandi, því að maður hefur ekki, ég hef ekki séð svona áður. Það var allt, allt öðru vísi og kom mér alveg í opna skjöldu.“ Hún talaði einnig um að það að skoða ljósmyndirnar hefði vakið sig og bætti því við að maður færi að hugsa svolítið öðruvísi. Fleiri tóku undir þetta og önnur talaði um að ljósmyndirnar vektu upp margar spurningar og augu sín hefðu opnast fyrir því hve þær væru miklar heimildir. Hún talaði sömuleiðis um áhrif myndlistar almennt til að vekja fólk til umhugsunar og að

Það ýtti við manni að gera einhverja nýja hluti. Enn ein tók undir það að hafa uppgötvað ljósmynd sem listgrein og að það að fara svona í hóp þar sem maður er hvattur til að taka þátt í umræðu ýtti á mann að horfa á hluti sem maður hefði ekki tekið eftir ef maður hefði farið einn. Aðspurðar hvort skoðunin gæti breytt viðhorfi manns almennt sagði ein: „Ég er sannfærð um að það gerir það, vegna þess að það vekur upp svo margar hugsanir, þælingar og fólk fer að tala saman og tjá sig.“ Undir þessi orð hennar tóku allar í hópnum. Hugkortin (e. Personal mind mapping) sem þátttakendur skrifuðu hugmyndir, tilfinningu eða setningar í kringum þemað *Listasafn* veittu viðbótargögn en þau voru þó ekki jafn afgerandi og viðtalið. Meðal þess sem þar kom fram voru orð eins og: „víkkar sjóndeildarhringinn“, „að upplifa, að skilja“, „lærir meira um nútímalist – er meira varið í þau en ég hélt“ og „ég fékk nýja innsýn í safn, skemmtilegra að vera í hópi með fólki sem segir frá.“

Spurningin um hvort þessi samsetning á námskeiði hafi haft eflandi áhrif á þátttakendur í hópnum má segja að margt bendi til þess en þó þarf meira til að fullvissa fáiast. Vissulega eru merki um að þátttakendur hafi eflst við það að taka þátt í smiðjunni þar sem þær fjölluðu um eigin ljósmyndir og minningar. Margar töluðu um mikilvægi þess að hafa tekið þátt í hópstarfi af þessu tagi og lögðu áherslu á hvetjandi áhrif þess að starfa í hóp og þá sérstaklega hvernig þær hefðu í gegnum hópinn fengið aukið öryggi til að tjá sig. Margar töluðu einnig um að þær hefðu fengið aukið þor til að segja hug sinn varðandi myndlist, og ein tók fram að hún hefði sennilega ekki þorað það áður. Ein talaði um að fyrirfram hefði hún ekki búist við að halda út allan tímann á námskeiðinu þar sem hún hafði átt erfitt með það áður. Hún mætti í öll skiptin og taldi það mikil meðmæli með námskeiðinu. Það sem ekki er hægt að segja til um á þessu stigi málsins er hver áhrif námskeiðsins verði á þátttakendur til langframa en það væri áhugavert að kanna nánar. Þannig má velta því fyrir sér hvort ekki sé tilefni til umfangsmeiri skoðunar með nánari athugunum og prófunum.

En þó eflandi áhrif námskeiðsins á þátttakendur séu ekki að öllu leyti ljós þá má segja að vissulega sé hægt að greina af rýnivíðtalinu að þátttakan hafi haft breytandi áhrif á konurnar. Þær voru til dæmis allar sammála um að það að skoða samtímalist eins og við gerðum á Listasafni Íslands væri eitthvað sem þær fyrirfram myndu ekki hafa valið sér. Það kom fram að þær höfðu mikla ánægju af þeirri heimsókn í heild og þær töluðu

um að verkin og fræðslan um þau hefðu opnað augu þeirra fyrir einhverju nýju meðal annars breytt viðhorfi til myndlistar og þá sérstaklega samtímalistar. Einnig kemur fram í viðtalinu að ein af þátttakendum hafi fyrirfram haft neikvætt viðhorf til myndlistarsýninga. Sér hafi alltaf leiðst á sýningum en tók jafnframt fram að sér hefði aldrei hugkvæmst að nýta auglýstar leiðsagnir og sýningaspjall á vegum safnanna. Það var því ánægjulegt að í lokin talaði hún um að viðhorf sitt til myndlistar hefði breyst og að sér hefði birst ný sýn á söfn.

Ég kom áður að þeirri skoðun Whiteheads og Meštrovićs að við værum ekki lengur fær um að verða fyrir alvöru upplifun, ekkert kæmi okkur á óvart lengur. Eftir að hafa farið með þátttakendum í gegnum þetta námskeið tel ég nokkuð ljóst að svo er ekki. Það var margt sem kom þátttakendum á óvart og óhætt er að segja að þær hafi orðið fyrir upplifun. Sterkast kemur það fram í orðum þeirra um ljósmyndir en ekki síður vangaveltum um samtímalist.

9. Umræða

Í viðtalinu við hópinn kom ýmislegt fram sem áhugavert gæti verið að velta fyrir sér. Í rýniviðtalinu var til dæmis áberandi hvað ljósmyndin sem miðill var þátttakendum hugleikin. Það skýrist að öllum líkindum af því að í smiðjunni var unnið með ljósmyndir og tvær áhrifaríkar ljósmyndasýningar skoðaðar í kjölfarið. Öllum þátttakendum fannst að í gegnum þessa vinnu hefðu þær uppgötvað gildi ljósmyndarinnar bæði sem heimildar og persónulegs hlutar en ekki síður sem listmiðils.

Allar voru sammála um að það að byrja námskeiðið í smiðjunni hefði haft áhrif á framhaldið við að skoða sýningarnar. Þar kom meðal annars fram að smiðjan hefði hjálpað hópnum að kynnast og opnað fyrir umræðu. Talað var um að hún hefði virkað eins og grunnur undir sýningaskoðunina í framhaldinu því að þar hefðu þær kynnst því að horfa á myndir á annan hátt en þær þekktu áður. Þannig má segja að smiðjan hafi haft mjög jákvæð áhrif á það hvernig gekk í heimsóknnum á sýningarnar. Aðferð Haugs með áherslu Ylitapio-Mäntylä og Mäkiranta á notkun ljósmyndar til að kalla fram minningar er áhugaverð leið til að nýta í verkefni eins og þessu. Þar sem ég hef reynt sjálf hópvinnu þar sem aðferðin hefur verið notuð sýnist mér hún til dæmis mjög hentug til að hópar fólks kynnist en ekki síst til að æfa þátttakendur í að tjá sig um hið sjónræna, hið hversdagslega og hið samfélagslega. Það er einnig ákveðið frelsi falið í hvatningu Haugs til rannsakenda að prófa aðferðina og útfæra hana en jafnframt aðhald þar sem hún leggur einnig áherslu á að stjórnendur kynni sér vel kenningarnar sem liggja að baki henni.

Annað sem þátttakendur lögðu ríka áherslu á var mikilvægi hópinnunar, að vinna í hópi allan tímann og fá þannig tækifæri til að ræða um verkin við hópinn, kennara og safnkennara á hverjum stað. Ein talaði um að það skipti máli að vera með fólki í hóp sem hefði einhverja hugmynd um myndlist og fá útskýringar hvort sem það var frá safnkennurum eða félögum í hópnum. Önnur talaði um að upplifa listasafn á allt annan hátt en áður við það að fara með hópi. Hún talaði einnig um jákvæð áhrif á sálræna líðan sína en í byrjun námskeiðsins hafði hún fremur neikvætt viðhorf. Þetta kemur heim og saman við kenningar félagslegrar hugsmíðahyggju um áhrif félagslegra samskipta á þekkingaröflun einstaklinga. Auk þess töluðu þátttakendur um jákvæð

áhrif þess að smiðjan var á þeirra heimavelli þar sem þær þekktu allar vel til í Hlutverkasetri.

Hjá þeirri sem mesta reynslu hafði áður haft af listskoðun kom fram að það hefði bætt miklu við að fá leiðsögn og umræðu um sýningu jafnvel þótt hún hefði verið búin að skoða hana áður. Þetta kemur heim og saman við reynslu mína af safnfræðslu í vettvangsnámi. Síðastliðinn vetur nýttum við samkennari minn okkur sýningu í Listasafni Reykjavíkur sem kveikju fyrir hugmyndavinnu hjá framhaldsskólanemum. Nokkrir nemendanna í hópnum höfðu áður farið á eigin vegum á sömu sýningu og unnið einstaklingsverkefni. Við eftirgrennslan meðal þeirra sannfærðumst við um að það að skoða sýninguna aftur með kennurum, vinna verkefni á staðnum og taka þátt í umræðu með hópnum hefði dýpkað að mun fyrri þekkingu þeirra.

Það má segja að lágmarksfjöldi þátttakenda hafi tekið þátt í námskeiðinu. Á móti kemur að sennilega myndi ekki henta að vinna með stærri hóp en 15 manns en 12-15 tel ég mjög ákjósanlegt svo að allir njóti sín í umræðum.

Um skipulagið má segja að ýmislegt hefði mátt bæta hefði tími og stærð verkefnisins gefið tilefni til. Í undirbúningi hefði verið ákjósanlegt að hafa allan hópinn tilbúinn með meiri fyrirvara þannig að allir þátttakendur mættu jafn vel undirbúnir til leiks. Mjög gagnlegt er að hafa netfangalista til að geta haft samband við þátttakendur til að koma skilaboðum á framfæri. Nokkrum sinnum gerðist það að eitthvað kom upp í umræðunni sem vakti spurningar sem erfitt reyndist að svara. Aðallega voru þetta spurningar um listamenn eða listaverk sem óbeint tengdust viðkomandi sýningum án þess að verk þeirra væru til sýnis. Það reyndist vel að senda bæði upplýsingar í tölvupósti og í sumum tilvikum að prenta út 1-2 myndir og taka með í næsta skipti og nota við upprifjun á síðustu heimsókn. Þannig var hægt að dýpka umræðuna. Dæmi um þetta er rakið í sjötta kafla í umfjöllun um heimsókn á Ásmundarsafn. Áhugavert væri í þessu samhengi að útfæra námskeiðið með tengingu við lokaða bloggsíðu sem aðeins þátttakendur hefðu aðgang að. Þannig væri hægt að halda umræðu gangandi, bæta inn upplýsingum, tenglum til dæmis á texta eða myndir eða umfjöllun um efni sem tengist skoðuninni.

Spurðar um fyrirkomulag tíma í námskeiðinu komu fram mismunandi skoðanir. Þannig voru flestar á því að heppilegast væri að hafa svona námskeið einu sinni í viku og alls ekki heppilegt að hittast sjaldnar en það. Nokkrar voru á þeirri skoðun að það hentaði vel að hittast oftast eða tvisvar í viku og klára námskeiðið á færri vikum. Öllum þótti ómissandi að fá tækifæri til að setjast niður og ræða um sýninguna, leiðsögnina eða hvað sem kennari hefði fram að færa. Ég er sammála þeirri skoðun og tel það mjög mikilvægt. Það er einnig nauðsynlegt að huga að því að þreyta ekki fólk óþarflega mikið, að gleyma sér ekki í ákafanum því það er lýjandi að standa lengi upp á endann í einu. Í Þjóðminjasafni Íslands og Listasafni Íslands er boðið upp á að gestir taki með sér klappstóla. Sjálfsagt er að benda fólki á að nýta sér þessa góðu þjónustu.

Lokaorð

Með þessu verkefni eru lögð drög að námskeiði þar sem þátttakendur vinna í smiðju með eigin ljósmyndir og minningar og skoða myndlistarsýningar í framhaldi af því. Ekki er nokkur vafi í mínum huga að þessi samsetning hentar afar vel í vinnu með fullorðnum nemendum.

Niðurstöður gefa til kynna að námskeiðið geti haft eflandi og breytandi áhrif á einstaklinga. Þó er í raun tilefni til umfangsmeiri umfjöllunar, nánari athugana, rannsókna og prófana. Til dæmis væri áhugavert að athuga áhrifin lengra fram í tímann. Einnig væri forvitnilegt að prófa námskeiðið með hópum sem hefðu annarskonar samsetningu til dæmis blönduðum hópi karla og kvenna, hópi yngra fólks en hér tók þátt og ef til vill hópi fólks sem hefði fyrirfram lítinn áhuga á þátttöku.

„Menning er allt sem sem mannar mennina, styrkir þá og stælir í baráttu við þau verk sem lífið leggur þeim á herðar. Ómenning er allt sem skemmir mennina, dregur úr mætti þeirra til að lifa lífinu og spillir lífsskilyrðum þeirra.“ Orð Páls Skúlasonar eiga vel við í þessari umræðu um listskoðun og gildi hennar. Menning merkir það sem mannar manninn og „culture“ sem er af latneskum stofni merkir „ræktun“. Páll bendir á þá skoðun Sigurðar Nordal að þessi hugtök beri að skilja sama skilningi þ.e. að menning sé ræktun hinna mannlegu eiginleika.⁴⁷

Hafi það mannað þátttakendur að þreyta þetta námskeið mannaði það mig ekki síður. Ég reyndi eftir bestu getu að horfa á myndlist frá þeirra sjónarhóli, skilja hvaða þýðingu sú þekking sem þær höfðu fyrir námskeiðið hefði og hvað myndi kveikja áhuga þeirra og hvetja umræðu. Ég hef áður velt því fyrir mér hvað það sé sem komi í veg fyrir að fólk njóti myndlistar en finnst ég hafa öðlast dýpri skilning á því að það geta verið margir samverkandi þættir. Hlutverk kennara eða leiðbeinenda er mikilvægt í þessu sambandi og ég er sannfærð um að það að hafa ánægju af mannlegum samskiptum og að vanda til undirbúnings er grundvöllur alls og skilar manni langt.

⁴⁷ Páll Skúlason 1994:11 og 24

Heimildir:

- Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Listir.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Almennur hluti.* 2011. Mennta- og menningar-
málaráðuneytið, Reykjavík.
- Adams, Marianne, John H. Falk og Lynn Dierking. 2003. Things Change. *Researching Visual Arts Education in Museums and Galleries*. Bls. 15-32. Ritstj. Xanthoudaki, Maria, Les Tickle og Veronica Sekules. Kluwer Academic Publishers. Dordrecht.
- Bech, Ulrich, Anthony Giddens og Schott Lash. 2004. *Reflexive Modernization, Politics, Tradition and Aesthetics in the Modern Social Order*. Polity Press. Cambridge.
- Beck, Clive og Clare Kosnik. 2006. *Innovations in Teacher Education: a Social Constructivist Approach*. State University of New York Press. Albany.
- Bjarki Valtýsson. 2011. *Íslensk Menningarpólitík*. Nýhil. Reykjavík.
- Bordieau, Pierre og Alain Darbel. 1990. *The Love of Art*. Stanford University Press, Stanford.
- Carter, Mary C. 2008. Volitional Aesthetics: A Philosophy for the Use of Visual Culture in Art Education. *Studies in Art Education*. 49:2 87-102.
- Crawford, June, Kippax, S. og fleiri. 1992. *Emotion and Gender: Constructing Meaning from Memory*. Sage. London.
- Danto, Arthur C. 1981. *The Transfiguration of the Commonplace*. Library of Congress Cataloging in Publication Data. Útgáfustað vantar.
- Dewey, John. 2000. *Reynsla og menntun*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.
- Dewey, John. 2005. *Art as Experience*. The Berkeley Publishing Group. New York.
- Eisner, Elliot W. 2002. *The Art and the Creation of Mind*, Yale University press. New Haven og London.
- Europa. 2011. Summaries of Life Long Learning. Lifelong Learning. Sótt 14. apríl af http://europa.eu/legislation_summaries/education_training_youth/lifelong_learning/c11090_en.htm

- Falk, John. Lynn D. Dierking, Adams, Marianna. 2006. Living in a Learning Society: Museums and Free-choice Learning. *A Companion to Museum Studies*. Bls. 323-339. Ritsjt. Sharon McDonald. Blackwell Publishing. Malden MA.
- Greene, Maxine. 2005. *Constructivism: Theory, Perspectives, and Practice*. A Constructivist Perspective on Teaching and Learning in the Arts. Önnur útgáfa. Yeachers College, Columbia University. New York.
- Haug, Frigga. 1999a. *Female Sexualization: A Collective Work of Memory*. Verso, London.
- Haug, Frigga. 1999b. Memory work – A Research Guide. Sótt 11. febrúar 2011 af <http://www.friggahaug.inkrit.de/>
- Henry, Carol. 2000. How Visitors Relate to Museum Experiences: An Analysis of Positive and Negative Reactions. *Journal of Aesthetic Education*. 34:2 99-107.
- Hicks, Laurie E. 1990. A Feminist Analysis of Empowerment and Community in Art Education. *Studies in Art Education* 32:1 36-46.
- Hlutverkasetur. 2009. Um Hlutverkasetur. Starfsemi. Sótt 10. mars 2011 af http://www.hlutverkasetur.is/?page_id=7
- Knowles, M.S., Holton, E.F. og Swanson, R.A. 1998 (5. útgáfa). *The Adult Learner: the Definitive Classic in Adult Education and Human Resource Development*. Gulf Publishing Company. Houston.
- Leinhart, Gaea, Kevin Crowley og Karen Knutson. 2002. *Learning Conversations in Museums*. Lawrence Erlbaum Associates, Inc., Publishers. New Jersey.
- Linko, Maria. 2003. The Longing for Authentic Experiences. *Researching Visual Arts Education in Museums and Galleries*. Bls. 65-76. Ritsjt. Xanthoudaki, Maria, Les Tickle og Veronica Sekules. Kluwer Academic Publishers. Dordrecht.
- Lyotard, Jean-François. 2008. *Hið póstmóðerníska ástand, skýrsla um þekkinguna*. Háskólaútgáfan. Reykjavík.
- Magnús Pálsson. 1994. *Magnús Pálsson*. Kjarvalsstaðir - Listasafn Reykjavíkur. Hong Kong Press. Reykjavík.
- Matthias Johannessen. 1999. *Bókin um Ásmund*. Listasafn Reykjavíkur-Ásmundarsafn. Reykjavík.
- Mayer, Susan Jean. 2010. Dewey's Dynamic Integration of Vygotsky and Piaget. *Educational Psychology Reader: The Art and Science of How People Learn*. Ritsjt. Goodman, Greg S. Peter Lang Publishing Inc. New York.

- National Gallery of Art. 2004. Press Release. Breakthrough Sculpture by Rachel Whiteread Acquired by National Gallery of Art. Sótt 19. apríl af <http://www.nga.gov/press/2004/releases/fall/whiteread.shtm>
- Onyx, Jenny og Jenny Small. 2001. Memory-Work: The Method. *Qualitative Inquiry*. 7 (6):773-786. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://qix.sagepub.com/content/7/6/773.full.pdf+html>
- Páll Skúlason. 1994. *Menning og sjálfstæði, sex útvarpserindi haustið 1994*. Háskóli Íslands-Háskólaútgáfan. Reykjavík.
- Reischmann, Jost. 2004. Andragogy. History, Meaning, Context, Function. Internet-publication. Sótt 2. mars 2011 af <http://pdfcast.org/pdf/andragogy-history-meaning-context-function>
- Selma Jónsdóttir. 1985. *Listasafn Íslands 1884-1985: íslensk listaverk í eigu safnsins*. Reykjavík.
- Sturken, Marita. 1999. The Image as Memorial. *The Familial Gaze*. bls. 178-195. Ritstj. Hirsch, Marianne. University Press of New England. Hanover.
- Tapia, Juliet Moore og Susan Hazelroth Barrett. 2003. Postmodernism and Art Museum Education. *Researching Visual Arts Education in Museums and Galleries*. Bls 197-212. Ritstj. Xanthoudaki, Maria, Les Tickle og Veronica Sekules. Kluwer Academic Publishers. Dordrecht.
- Thirteen Ed Online. 2011. Concept to Classroom. Explanation. Sótt 5. febrúar af http://www.thirteen.org/edonline/concept2class/constructivism/index_sub4.html
- Ylitapio-Mäntilä, Outi og Mari Mäkiranta. 2010. From Past to Present – Photo-Related Memory-Work and new Images in Educational Practices. *Tradition and New Practices in Art Education*. Bls. 119-126. Ritstj. Matgorzata Bielecka. University of Humanities and Sciences, Kielce.
- University of Lapland. 2011. Traces of Places: Exhibition in Iceland. Sótt 11. febrúar 2011 af http://www.ulapland.fi/InEnglish/About_us/News__Events.iw3?showlocation=b2b8de60-ee26-40c8-9355-939edd263847&newsID=2b2232db-c750-498a-a38e-d780022a3f21
- Via Experientia. 2010. IS. Um verkefnið. Alþjóðleg Akadémía um Reynslumiðað Nám. Sótt 21. apríl af <http://www.viaexperientia.net/is/um-verkefnid/>
- Weil, Stephen. 2002. *Making Museums Matter*. Smithsonian Institution Press. [stað vantar].

- Weil, Stephen. 2007. The Museum and the Public. *Museums and their Communities*. Bls. 32-46. Ritstj. Watson, Sheila. Routledge, London.
- Whitehead, Chris. 2007. Visiting with Suspicion: Recent Perspectives on Art and Art Museums. *Heritage Museums and Galleries: An Introductory Reader*. 3 útgáfa. Ritstj. Gerard Corsane. Routledge. London.
- Wider Benefits of Learning Resarch Report No. 3. 2002. *Learning, Continuity and Change in Adult Life*. Schuller, Tom, Angela Brassett-Grundy, Andy Green, Cathie Hammond og John Preston. The Centre for Research on the Wider Benefits of Learning. London.
- Þórarinn Eldjárn. 1994. *Ég man*. Forlagið. Reykjavík.

Viðauki

Í þessum viðauka eru spurningar sem lagðar voru til grundvallar fyrir rýniviðtal sem haft var við þátttakendur að loknu námskeiði. Hafa verður í huga að spurningalistinn var hafður til hliðsjónar og ekki var farið alveg nákvæmlega eftir honum. Einnig beindist umræðan að fleiri atriðum en koma fram í þessum lista.

Segið mér frá upplifun ykkar af námskeiðinu.

Hvernig fannst ykkur að vinna í ljósmyndasmiðju?

Haldið þið að hún hafi skipt máli fyrir upplifun ykkar af sýningunum sem fylgdu í kjölfarið? Hvernig hefði til dæmis verið að sleppa henni alfarið?

Segið frá upplifuninni af því að skoða sýningarnar.

Hvaða sýning gaf ykkur mest, eða hafði mesta persónulega þýðingu?

Haldið þið að svona sýningaskoðun geti breytt viðhorfi manns?

Finnst ykkur að ykkar viðhorf hafi breyst?

Hvað með viðhorf til samfélagsins svona almennt?

Við hittumst tvisvar í viku, ef þið mynduð ráða hvernig mynduð þið vilja hafa skipulagið? Til dæmis einu sinni í viku, á hálfsmánaðar fresti, einu sinni í mánuði?

Námskeiðið stóð í fjórar vikur, finnst ykkur það nægjanlega langur tími, mætti það til dæmis vera lengra?

Hvað með tímalengd hvernar heimsóknar: Of stuttur tími? Hæfilega langur tími? Of langur tími?

Fannst ykkur leiðsögnin eða spjallið á hverjum stað veita næga innsýn í sýningarnar og verkin? Hefðuð þið til dæmis viljað fá meiri upplýsingar á einhverjum staðnum?

Fannst ykkur tími til umræðna um verkin á hverjum stað vera nægjanlega langur?

Hefðuð þið viljað hafa meiri tíma fyrir ykkur sjálfar til að skoða?

Á einni sýningunni var skriflegt verkefni, hvað fannst ykkur um það?

Hefðuð þið viljað skoða annars konar sýningar og þá hvernig sýningar?

Skiptir máli að sami hópurinn fari saman að skoða sýningar?